allt

Anne Toija:

*Fer í Bónus á íslensku*



• nám
Í MIÐJU BLAÐSINS ▶

Andri Snær Magnason:

*Bláí hnötturinn til Kanada*



• sýndur í stóru barnaleikhúsi
SÍÐA 30 ▶

SÉRBLAÐ FYLGIR
Europris
FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

19. janúar 2005 – 17. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir

MIÐVIKUDAGUR



**KOSIÐ Í FEBRÚAR** Forsætisráðherra Dana kallaði til þingkosninga eftir þrjár vikur á þingfundi í gær. Kjörtímabilinu lýkur ekki fyrr en í nóvember. **Sjá síðu 2**

**RANNSAKA ÁFENGISSÝKI** Íslensk erfðagreining og SÁÁ hafa fengið 330 miljóna króna styrk frá Evrópusambandinu til rannsókna á erfðafræði áfengissýki og fíknar. **Sjá síðu 4**

**ÓLÖGLEGT VINNUAFL** Grunur leikur á að útlendingar starfi mjög víða ólöglega að byggingastörfum hér á landi. Samiðn segir að það séu „smákallarnir“ sem standi í því að ráða slíkt vinnuafl. **Sjá síðu 6**

**FÆR STUÐNING Í DÓMSMÁLI** Einstaklingur sem höfðar skaðabótamál gegn olíufélögunum vegna verðsamráðs mun njóta fjárhagslegs stuðnings Neytendasamtakanna. **Sjá síðu 8**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**SNJÓKOMA EÐA ÉL** Þannig verður það víða um land. Vindur einna hægastur austan til. Frost 0-7 stig á láglendi. **Sjá síðu 4.**

**DAGURINN Í DAG**



**STJÓRNARSKRÁRBREYTINGAR** Hverju þarf að breyta í stjórnarskránni? er yfirskrift málstofu sem haldin verður í Lögbergi klukkan 12.15. Málshefjendur verða alþingismennirnir Ágúst Ólafur Ágústsson og Bjarni Benediktsson. Málstofan er öllum opin.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 26 | Myndlist | 25 |
| Tónlist | 27 | Íþróttir | 22 |
| Leikhús | 25 | Sjónvarp | 28 |




# Framsóknarmenn lýsa atburðum á ólíkan hátt

**Samkvæmt forsætisráðherra hafði Íraksmálið ekki verið rætt í ríkisstjórn viku áður en ákvörðunin um stuðninginn við innrásina í Írak var tekin. Þingmönnum Framsóknarflokksins greinir á um hvort Íraksmálið hafi verið rætt í þingflokknum eða ekki.**

**ÍRAKSMÁLIÐ** Samkvæmt orðum Halldórs Ásgrímssonar á Alþingi 12. mars 2003 hafði Íraksmálið aldrei verið rætt í ríkisstjórn.

Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra vill þó halda því fram að „...þetta Íraksmál [hafi] á síðustu árum verið margrætt í ríkisstjórn, utanríkismálanefnd, á vegum Alþingis og í flokkunum, á fundum flokkanna, fyrir og eftir þessa miklu ákvörðun“.

Orð Guðna stangast einnig á við orð Magnúsar Stefánssonar, þingmanns Framsóknarflokksins, sem jafnframt á sæti í utanríkismálanefnd. Í frétt á forsíðu Fréttablaðsins 24. mars 2003 sagði Magnús: „Við höfum ekki fjallað um þetta á þingflokksfundi, þannig að það liggur ekki fyrir nein umfjöllun um málið.“ Magnús er samhljóða Kristni H. Gunnarssyni, þingmanni Framsóknarflokksins, sem hefur margsagt að Íraksmálið hafi aldrei verið rætt í þingflokknum.



**FLOKKSBRÆÐUR Í FRAMSÓKN**
Ummæli Guðna Ágústssonar stangast á við staðhæfingar flokksbræðra hans, Halldórs Ásgrímssonar og Magnúsar Stefánssonar.

Í yfirlýsingu forsætisráðherra frá því á mánudag kemur fram að „Íraksmálið [hafi verið] rætt nokkrum sinnum í utanríkismálanefnd og á Alþingi veturinn 2002-2003.“ Ekki er tekið fram í yfirlýsingunni hvort málið hafi verið rætt í ríkisstjórn. Síðar í yfirlýsingunni segir: „Að morgni þriðjudagsins 18. mars 2003 var ríkisstjórnarfundur og var Íraksmálið fyrsta málið á dagskrá.“ Ekki segir í yfirlýsingunni hvort málið hafi í raun verið rætt, einungis að það hafi verið á dagskrá. Fréttablaðið fékk ekki aðgang að fundargerð frá ríkisstjórnarfundinum. Halldór Ásgrímsson kaus að tjá sig ekki um málið í gær.

**- sda**

**sjá nánar síður 10, 12 og 13.**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**FRAMKVÆMDIR VIÐ KÁRAHNJÚKA** Hægt og rólega rís táveggurinn ofan í gljúfrinu við Kárahnjúka en vinnan hefur tafist um fjóra mánuði. Búið er að reisa tjald yfir vinnusvæðinu á táveggnum. Svæðið er hitað upp svo hægt sé að steypa. **Sjá síðu 6**

Ríkasta fólk heims:

## Björgólfur Thor á listann

**VIÐSKIPTI** Líklegt er að nafn Björgólfs Thors Björgólfssonar verði á lista yfir ríkustu menn veraldar sem tímaritið Forbes birtir árlega.

Fulltrúi Forbes kom hingað til lands til að kynna sér íslenskt viðskiptalíf og sannreyna eignastöðu Björgólfs Thors. Eignir Björgólfs Thors í innlendum skráðum félögum slaga í einn milljarð dollara, en milljarður dollara hefur dugað til þess að komast á lista Forbes. Gera má ráð fyrir að heildareignir Björgólfs Thors séu nær því að vera einn og hálfur milljarður dollara en hann á meðal annars hlut í Landsbankanum, Actavis, Burðarási og Straumi.

**- hh**

**Sjá síðu 18**

Axarárásin í Hafnarfirði:

## Sjö og hálfs árs fangelsi

**DÓMSMÁL** Börkur Birgisson, 25 ára Hafnfirðingur, var dæmdur í sjö og hálfs árs fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness í gær fyrir tilraun til manndráps og fjölda líkamsárása.

Börkur réðst á annan mann með öxi á veitingastaðnum A. Hansen í fyrra og veitti honum sár. Hann hafði auk þess rifbeinsbrotið tengdaföður sinn og ráðist á fjóra aðra karlmenn. Þá var Börkur dæmdur fyrir ólöglegan vopnaburð og umferðalagabrot. Að mati Héraðsdóms Reykjaness átti Börkur sér ekki málsbætur og árás hans með öxinni væri sérstaklega ófyrirleitin þar sem tilviljun ein réði því að fórnarlambið komst lífs af. Þá segir að önnur brot hafi verið fólskuleg, yfirleitt án aðdraganda og beinst að höfði eða andliti þeirra sem fyrir þeim urðu.



**BÖRKUR BIRGISSON**
Í dómnum segir að Börkur eigi sér engar málsbætur og að árásin með öxinni hafi verið sérstaklega ófyrirleitin.

Þetta er í þriðja skipti sem Börkur er dæmdur í fangelsi fyrir ofbeldisbrot eftir átján ára aldur. Auk fangelsisvistar var Börkur dæmdur til að greiða fórnarlömbum sínum 557 þúsund krónur í bætur og allan sakarkostnað. Til frádráttar frá refsingu kemur gæsluvarðhaldsvist frá 2. september.

**- bs**

Ráðstefna
Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja þriðjudaginn 25. janúar

ÞRIÐJA STOÐIN?

Verður upplýsingatækni þriðja stoðin í verðmætasköpun og gjaldeyristekjum Íslands árið 2010?

Sjá glæsilega dagskrá á vefsetri Samtaka iðnaðarins; www.si.is

SUT
SI



## SPURNING DAGSINS

*Reynir, hvað ætlarðu að gera við Abbas?*

**„Ég ætla að reyna að láta hann stilla til friðar.“**

Reynir Traustason er ritstjóri Mannlífs en fyrirsögn leiðara Fréttablaðsins í gær var „Reynir á Abbas“.

Alþýðusamband Íslands:

# Kostnaður hækkaði meira en bætur og laun

**KJARAMÁL** Kostnaðarliðir heimilanna hækkuðu meira um áramót en laun og ýmsar bætur að mati Alþýðusambands Íslands. Að mati sambandsins má ekki mikið út af bera til að forsendur kjarasamninga bresti og kjarasamningum verði sagt upp í haust.

Í yfirliti ASÍ yfir helstu breytingar á launum, verðlagi og sköttum í upphafi árs kemur fram að verðbólga hafi hækkað um fjögur prósent síðustu tólf mánuði og hún hafi ekki mælst meiri síðan um mitt ár 2002. Ástæður þess eru taldar meðal annars hækkun á heimsmarkaðsverði á olíu og hækkun á húsnæðisverði. Þá hafi gjaldskrár opinberrar þjónustu hækkað að meðaltali um 4,4 prósent. Það hafi átt stóran þátt í að vega upp á móti ávinningi almennings af verðlækkunum vegna útsalna á fatnaði, lækkunar á bensíni undanfarið og styrkingu krónunnar. Meðal hækkana um áramótin eru tæp sautján prósenta hækkun á almennum komugjöldum í heilbrigðiskerfinu.

Meðal hækkana hjá sveitarfélögunum eru nefnd hækkun útsvars í Reykjavík og Kópavogi og umtalsverðar hækkanir á gjaldskrám leikskóla.

– ghg



**LEIKSKÓLAGJÖLD HÆKKA**
Alþýðusambandið kvartar undan hækkandi gjöldum, þar á meðal hækkun á gjaldskrám leikskóla.

Kærur til landlæknis:

# Vita ekki fjölda kæra

**HEILBRIGÐISMÁL** Ekkert skipulagt skráningarkerfi heldur utan um kærur sem berast Landlæknisembættinu.

Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir segir að skipt hafi verið um tölvukerfi embættisins fyrir stuttu. Nýja kerfið bjóði ekki upp á að fylgst sé með fjölda kæra með einföldum hætti.

Á heimasíðu landlæknis segir að um 250 kærur berist árlega. Þeim hafi farið fjölgandi eftir að skráningar hófust fyrir tíu árum.

Til stendur að bæta tölvukerfið.

- gag



**FRÁ SLYSSTAÐ**
Litlu mátti muna að bíllinn félli niður á Sæbraut.

Bílslys:

# Fór á milli brúa

**BÍLSLYS** Maður um tvítugt var fluttur með minniháttar meiðsli á slysadeild eftir að hafa keyrt á milli tveggja brúa við Miklubraut. Litlu munaði að bíllinn félli niður á Sæbraut fyrir neðan brýrnar.

Bæði lögregla og slökkvilið voru kvött á staðinn en lögreglan segir að betur hafi farið en á horfðist því ökumaðurinn var í bílbelti. Bíllinn var þó talsvert skemmdur og þurfti að hífa hann burt með krana. Lögreglan segir að ekki liggi fyrir hvers vegna ökumaður bílsins hafi lent á milli brúnna en málið er í rannsókn.

-bs

Kosningar í Danmörku:

# Konungleg áhrif

**DANMÖRK** Ákvörðun Anders Fogh Rasmussen um að boðað sé til þingkosninga 8. febrúar hefur margvísleg áhrif á dönsku konungsfjölskylduna. Danskir fjölmiðlar skýrðu frá því í gær að krónprinsessan Mary Donaldson hefði hlotið ríkisborgararétt þegar hún kvæntist Friðrik í maí og hafi því nú kosningarétt í komandi kosningum. En líkt og aðrir meðlimir konungsfjölskyldunnar muni hún ekki nýta þennan kosningarétt. Þá er einnig skýrt frá því að Margrét Þórhildur Danadrottning hefur frestað opinberri för sinni til Mexíkó sem átti að eiga sér stað dagana 5. til 12. febrúar, vegna þingkosninganna. ■

# Kosningum flýtt um tíu mánuði

**Forsætisráðherra Dana kallaði til þingkosninga eftir þrjár vikur á þingfundi í gær. Stærstu flokkarnir lofa að skapa tugþúsundir nýrra starfa á kjörtímabilinu. Núverandi stjórn segir að Íraksmálið verði ekki eitt af kosningamálunum.**

**DANMÖRK** Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Dana, tilkynnti á þingfundi í gær að þingkosningar verða haldnar 8. febrúar, eftir 20 daga. Kjörtímabilinu lýkur ekki fyrr en í nóvember, en Anders Fogh sagði á þinginu í gær að nauðsynlegt væri að flýta þingkosningum svo þær rekist ekki á sveitarstjórnarkosningarnar sem verða haldnar 15. nóvember.

Stjórnmálaskýrendur í Danmörku, meðal annars í ítarlegri úttekt í Berlingske Tidende, benda á að stjórnarflokkarnir njóti nú vinsælda í skoðanakönnunum og treysti á að þær muni haldast áður en til umbóta kemur í vor, sem mun fækka sveitarfélögum úr 274 í 100. Með þessum breytingum mun opinberum störfum einnig fækka.

Mikið hafði verið um það rætt í Danmörku að undanförnu að kosninga væri að vænta og kynntu jafnaðarmenn áhersluatriði sín á sunnudag undir kjörorðinu Made in Denmark. Meðal kosningaloforða er að skapa 50.000 ný störf á kjörtímabilinu auk 110 milljarða króna skattalækkana. Í viðtali við danska útvarpið lýstu bæði Mogens Lykketoft, formaður Jafnaðarflokksins, og Pia Kjærsgaard, formaður Danska þjóðarflokksins, yfir ánægju með að kosningar verði haldnar nú.



**BENDT BENDTSEN OG ANDERS FOGH RASMUSSEN**
Íhaldsflokkurinn og Frjálslyndi flokkurinn segjast ganga til þessara kosninga hönd í hönd, en þessir flokkar sitja nú í minnihlutastjórn.

**SKIPTING ÞINGMANNA Í DANSKA ÞINGINU**

| | Kosningar | Gallup-könnun 16.1. |
|---|---|---|
| Jafnaðarmenn | 52 | 55 |
| Radikal Venstre | 9 | 12 |
| Íhaldsflokkurinn | 16 | 14 |
| Miðdemókratar | 0 | 0 |
| Sósíalíski þjóðarflokkurinn | 12 | 12 |
| Kristilegir demókratar | 4 | 0 |
| Minnihlutaflokkurinn | 0 | 0 |
| Danski þjóðarflokkurinn | 22 | 21 |
| Frjálslyndi flokkurinn | 56 | 57 |
| Einingarflokkurinn | 4 | 4 |
| Aðrir | 0 | 0 |
| **Alls** | **175** | **175** |

Rasmussen, sem er formaður Frjálslynda flokksins, stýrir nú minnihlutastjórn með Íhaldsflokknum, með stuðning Danska þjóðarflokksins, og hafa þeir alls 94 þingmenn af 175. Samkvæmt Gallup-könnun sem birtist á sunnudag myndi núverandi stjórn halda velli. Einnig hafa Kristilegir demókratar lofað núverandi stjórn stuðningi sínum. Þeir hafa nú fjóra þingmenn, en fengju engan samkvæmt Gallup-könnuninni.

Bendt Bendtsen, formaður Íhaldsflokksins og varaforsætisráðherra, segir stjórnarflokkana tvo ganga hönd í hönd til þessara kosninga. Þetta undirstrikuðu leiðtogar flokkana með því að halda stuttan sameiginlegan blaðamannafund í gær. Anders Fogh Rasmussen lagði þó áherslu á að þetta væru tveir ólíkir flokkar. Kosingaloforð flokkanna er að efla rannsóknir og menntun, meðal annars með því að leggja aukið fé í rannsóknir og fjölga samræmdum prófum í grunnskólum. Þá á að skapa 60.000 ný störf á kjörtímabilinu, efla sjúkrahús og bæta stöðu barnafjölskyldna. Anders Fogh segir að ekki verði vikið frá núverandi skattastefnu. ■



**ALLT Á KAFI Á HÚSAVÍK**
Helga Dögg Aðalsteinsdóttir mokaði snjó um síðustu helgi af þaki á húsi ömmu hennar, Líneyjar Gunnarsdóttur.

Húsavík:

# Moka snjó af þökum

**SNJÓÞYNGSLI** Mikil snjóþyngsli eru á Húsavík eftir ofankomu undanfarinna vikna. Þegar blotna tók í snjónum bar á því að þök tækju að leka og fékk björgunarsveitin á Húsavík nokkrar beiðnir um aðstoð vegna þessa um síðustu helgi.

Að sögn Aðalsteins Á. Baldurssonar, formanns Verkalýðsfélags Húsavíkur, hefur ekki komið jafn mikill snjór á Húsavík í a.m.k. áratug. „Hér hefur verið mjög mikill vetur, miklu meiri en t.d. á Akureyri þótt ekki sé langt á milli. Bærinn hefur verið fullur af snjó og mikil ófærð allt frá jólum,“ sagði Aðalsteinn.

-kk

## EVRÓPA

**BROWN Í STAÐ BLAIRS** Dave Prentis, formaður stærsta verkalýðsfélags Bretlandseyja – Unison, lýsti þeirri skoðun í viðtali við Scottish Daily Record að Gordon Brown fjármálaráðherra ætti að taka við leiðtogaembætti Verkamannaflokksins af Tony Blair forsætisráðherra.






Fundir félagsmálanefndar vegna málefna Impregilo:

# Fjölmörg ágreiningsatriði

**KÁRAHNJÚKAR** Ljóst er að fjölmörg ágreiningsatriði eru uppi milli Impregilo annars vegar og hagsmunasamtaka vinnumarkaðarins hins svegar, að sögn Sivjar Friðleifsdóttur formanns félagsmálanefndar. Nefndin hefur kallað fulltrúa viðkomandi fyrirtækja, stofnana og samtaka á sinn fund til að afla upplýsinga.

Á fund félagsmálanefndar í gær mættu fulltrúar Samtaka atvinnulífsins, Alþýðusambands Íslands og Vinnumálastofnun. Áður hafði nefndin fundað með fulltrúum Impregilo, Vinnumálastofnunar, félagsmálaráðuneytis og Landsvirkjunar.

„Það kom fram að menn greinir á um hvort hægt sé að fá fleiri Íslendinga og Evrópubúa til að vinna uppi á Kárahnjúkasvæðinu eða ekki,“ sagði Siv. „Impregilo telur sig hafa reynt að gera það í kjölfar þess að Landsvirkjun bað þá að hraða verkinu yfir vetrartímann, gagnstætt því sem áður var fyrirhugað. ASÍ hefur dregið í efa að reynt hafi verið til þrautar. Það er ágreiningur um mjög mörg atriði en þetta stendur svolítið upp úr að mínu mati,“ sagði Siv enn fremur.

Hún kvaðst gera ráð fyrir að málið yrði rætt á Alþingi þegar það kæmi saman.

- jss



FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

**FÉLAGSMÁLANEFND**
Málefni Impregilo voru til umræðu á fundi félagsmálanefndar Alþingis í gær. F.v. Ögmundur Jónasson, Siv Friðleifsdóttir formaður nefndarinnar, Gissur Pétursson forstjóri Vinnumálastofnunar, Helgi Hjörvar og Halldór Grönvold frá ASÍ.





# *Nýtt* ***kreditkort*** *með nýju sniði!*

- **Afsláttur á bensíni** í hvert sinn sem þú notar kortið á EGO stöð
- **Afsláttur** í völdum verslunum og fyrirtækjum
- Hellingur af **spennandi sértilboðum** hjá samstarfsaðilum
- **Engin** árgjöld! **Engin** færslugjöld!
- MasterCard **ferðaávísun**

***EGO kortið*** *er nýtt, alþjóðlegt kreditkort sem* ***SPRON*** *gefur út í samstarfi við EGO bensínstöðvarnar og það* ***fyrsta sinnar tegundar á Íslandi.***

*Kíktu á ego.is og sæktu um* ***EGO kortið*** *fyrir* ***1. mars.*** *Þú gætir unnið* ***lúxusferð fyrir 4 á Chelsea – Arsenal.*** *Fjölmargir aðrir* ***glæsilegir vinningar*** *í boði.*

***EGO kortið*** *– Kemur þér til góða!*

*Sæktu um á* ***ego.is*** *eða* ***spron.is.*** *Nánari upplýsingar í síma* ***550-1400***

eGO

spron

Fíton/SÍA

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 18.01.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 62,36 | 62,66 |
| Sterlingspund | GBP | 116,51 | 1117,07 |
| Evra | EUR | 81,33 | 81,79 |
| Dönsk króna | DKK | 10,93 | 10,99 |
| Norsk króna | NOK | 9,96 | 10,02 |
| Sænsk króna | SEK | 8,99 | 9,04 |
| Japanskt jen | JPY | 0,61 | 0,61 |
| SDR | XDR | 94,78 | 95,34 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**111,87 -0,44%**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Skoðanakönnun Gallup í Bandaríkjunum:

# Meirihluti telur innrásina misráðna

**BANDARÍKIN** Það voru mistök að gera innrás í Írak. Þetta er afstaða rúmlega helmings bandarísku þjóðarinnar samkvæmt nýrri skoðanakönnun Gallup fyrir CNN og USA Today.

52 prósent sögðu það hafa verið mistök að ráðast inn í Írak en 47 prósent sögðu það rétta ákvörðun. Fyrir mánuði töldu 47 prósent að innrásin hefði verið mistök en 52 prósent töldu rétta ákvörðun að ráðast inn í Írak.

Nú vilja 24 prósent fjölga í herliðinu í Írak samkvæmt könnuninni. 24 prósent vilja halda óbreyttum liðsstyrk en hátt í helmingur vill kalla allan eða hluta hersins heim frá Írak. 21 prósent vill fækka í herliðinu en fjórði hver kjósandi vill kalla allan herinn heim.

Stuðningur við innrásina í Írak var mestur meðal Bandaríkjamanna í mars 2003, fáeinum dögum eftir að hún hófst. Þá töldu 75 prósent rétt að ráðast inn í Írak en 23 prósent sögðu það mistök. ■



**GERT AÐ SÁRUM ÍRAKA**
Bandarískur hermaður liðsinnir íröskum manni sem meiddist í bílsprengjuárás í Bagdad. Þrír létust í árásinni.

Umframeyðsla hersins:

# Yfirmaður bauð afsögn

**NOREGUR, AP** Norski herinn fór tæpa tíu milljarða íslenskra króna fram úr fjárveitingum í fyrra og varð það til þess að yfirmaður hersins bauðst til að segja af sér. Framúrkeyrslan nemur þremur prósentum af heildarfjárveitingum norska hersins.

Stjórnvöld höfðu áður fyrirskipað endurskipulagningu og sparnað í rekstri hersins og því þykir eyðsla umfram heimildir afar óheppileg. Kristin Krohn Devold varnarmálaráðherra sagði málið mjög alvarlegt en þáði ekki afsagnarbeiðni yfirmanns hersins því hann lætur hvort sem er af störfum 1. apríl. ■



**LÚÐVÍK GEIRSSON**
Segir að með þessu vilji Hafnarfjarðarbær reyna að milda afleiðingar hækkunar á fasteignamati.

Hafnarfjarðarbær:

# Lækkar fasteignaskatta

**BÆJARMÁL** Bæjarráð Hafnarfjarðar samþykkti í gær að leggja til við bæjarstjórn að lækka álagningarprósentu fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði um sjö prósent. Álagningin lækkar því úr 0,36 prósentum niður í 0,335 prósent. Þá var ákveðið að leggja til að álagningarprósenta á atvinnuhúsnæði verði lækkuð úr 1,65 prósentum niður í 1,628 prósent.

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, segir að með þessu vilji Hafnarfjarðarbær reyna að milda afleiðingar hækkunar á fasteignamati sem gekk í gildi um áramót. -bs

Keflavík:

# Par með fíkniefni

**LÖGREGLUMÁL** Par var handtekið grunað um að fíkniefnamisferli. Það var lögreglan í Keflavík sem handtók parið. Fólkið hafði ekið í bíl eftir Reykjanesbrautinni, misst stjórn á honum og ekið út af.

Hvorugt þeirra slasaðist við útafaksturinn en þegar lögreglan kom fólkinu til aðstoðar fundust ummerki og leifar af bæði kannibisefnis. Maðurinn er á fimmtugsaldri en konan er fædd árið 1971. Þau voru bæði handtekin og færð á lögreglustöð til yfirheyrslu og er málið í rannsókn. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**UNDIRRITUN**
Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, og Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, undirrituðu samstarfssamninginn.

# Erfðarannsókn á alkóhólisma og fíkn

**Íslensk erfðagreining og SÁÁ taka nú til óspilltra mála við rannsókn á erfðum áfengissýki og fíknar. Til þessa verkefnis hefur Evrópusambandið veitt 330 milljónir, sem er stærsti styrkur sem það hefur veitt til íslensks rannsóknarverkefnis.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Íslensk erfðagreining og SÁÁ hafa fengið 330 milljóna króna styrk frá Evrópusambandinu til rannsókna á erfðafræði áfengissýki og fíknar.

Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, og Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir SÁÁ, undirrituðu samning um samstarf í höfuðstöðvum ÍE í gær.

„Markmiðið er að reyna að finna hvernig erfðir leggja af mörkum til áhættunnar á því að verða alkóhólisti eða fíkill,“ sagði Kári Stefánsson. „Og reyna að einangra erfðavísi sem leggur af mörkum til alkóhólisma eða annarar fíknar. Síðan er vonin sú, að sú þekking sem komi út úr því megi nýta til að setja saman nýjar aðferðir til að lækna og fyrirbyggja. Fólk hefur látið sig dreyma um að hægt sé að setja saman lyf sem hjálpi fólki til að takast á við alkóhólisma og aðra fíkn. Staðreyndin er hins vegar sú, að þó svo að það sé erfðaþáttur í áhættunni, þá erfa menn aldrei annað en tilhneiginguna til að fá sjúkdóminn. Sú staðreynd að menn erfa tilhneigingu tekur ekki af þeim ábyrgðina á því sem þeir gera. Hún er eftir sem áður á herðum hvers einstaklings fyrir sig.“

Samningurinn er liður í viðamiklu evrópsku samstarfsverkefni átta rannsóknastofa um rannsóknir á líffræðilegum orsökum fíknar. Verkefnið hefur hlotið 8,1 milljón evra styrk frá ESB. Helmingur styrksins, eða um 330 milljónir króna, er ætlaður til rannsókna á sviði mannerfðafræði sem ÍE mun annast. SÁÁ mun sjá um klíniskan hluta rannsóknanna. Þetta er stærsti styrkur sem ESB hefur veitt til íslensks rannsóknarverkefnis.

Þórarinn Tyrfingsson kvaðst gera ráð fyrir að 200-300 áfengissjúklingar tækju þátt í rannsókninni, svo og aðstandendur þeirra. Hitt lægi fyrir að enginn tæki þátt í slíkri rannsókn nema skriflegt samþykki viðkomandi lægi fyrir áður.

Næsta skref verður að rannsóknaraðilar munu senda inn umsókn til vísindasiðanefndar og Persónuverndar. Þá verður hafin útsending bréfa til fólks vegna þátttöku á næstu vikum.

jss@frettabladid.is

Robert Kennedy yngri:

# Íhugar framboð

**BANDARÍKIN, AP** Robert Kennedy yngri, sonur Roberts Kennedy sem var myrtur 1968 og bróðursonur Johns F. Kennedy sem var myrtur fimm árum fyrr, íhugar nú að gefa kost á sér í kosningum í New York ríki. Kennedy er sagður hafa rætt við valdamikla demókrata um möguleika á framboði til ríkissaksóknara New York. Meðal þeirra sem Kennedy er sagður hafa leitað til eru Hillary Clinton öldungadeildarþingmaður og Eliot Spitzer sem gegnir embætti ríkissaksóknara.

Kennedy hefur barist fyrir umhverfisvernd og gegn rekstri kjarnorkuvera um tuttugu ára skeið. ■

Kárahnjúkar:

# Ölvaður á veghefli

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Egilsstöðum var á Fljótsdalsheiði við framkvæmdasvæði Kárahnjúka í gærmorgun þegar hún stöðvaði veghefilsstjóra sem var þar við vinnu grunaðan um ölvun í starfi.

Maðurinn, sem er starfsmaður Impregilo, mun að sögn lögreglu á Egilsstöðum hafa verið að skemmta sér kvöldið áður en ekki gætt þess að sofa áfengisáhrifin úr sér. Hann verður sviptur ökuréttindum en Vinnumálastofnun mun taka ákvörðun um hvort maðurinn haldi vinnuréttindum sínum áfram. - bs

## ASÍA

**TÓLF FÁ AÐ FLJÚGA** Kínversk stjórnvöld hafa valið sex flugfélög sem fá að fljúga beint milli Kína og Taívan þegar flugið verður leyft í fyrsta sinn í 55 ár. Taívanar velja jafnmörg flugfélög. Ekki verður þó flogin stysta leið heldur yfir Hong Kong og þaðan á áfangastað.


TILBOÐSVERÐ 8.900.-



BORÐREIKNIVÉL

Skrifstofumarkaður:
Hallarmúla 2-4, sími 540 2000

Verslanir Pennans:
• Akranesi • Akureyri • Hafnarfirði
• Ísafirði • Keflavík • Kópavogi
• Reykjavík • Selfossi • Vestmannaeyjum

Penninn
www.penninn.is


## Veðrið

**HVASST Á VESTFJÖRÐUM**
Það er lægð að ganga yfir landið og því breytileg vindátt. Það má því búast við snjómuggu víðast hvar í dag og í kvöld.

**HORFUR UM HELGINA**
Laugardagur: Norðlæg átt. Stíf allra austast annars hægari. Frost um allt land með stöku éljum norðaustan til.
Sunnudagur: Vaxandi suðaustanátt með hlýnandi veðri sunnanlands og vestan. Úrkomulítið í fyrstu en fer að rigna á Suður- og Vesturlandi um kvöldið.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Í dag




### Á morgun




Strekkingur allra austast annars hægari.

### Föstudagur




Nokkur vindur vestan og norðan til annars hægari.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 8°C | skúrir | Frankfurt | 6°C alskýjað | Torrevieja | 19°C | skýjað |
| Osló | 2°C | alskýjað | Prag | 3°C léttskýjað | Róm | 12°C | skúrir |
| London | 9°C | skýjað | Amsterdam | 7°C skýjað | New York | -3°C | snjókoma |
| París | 10°C | skýjað | Varsjá | 2°C léttskýjað | Miami | 22°C | léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# götu markaður verðhrun

nú á allt að seljast

Á meðan birgðir endast
Fyrstur kemur fyrstur fær

Nýtt kreditkortatímabil

# 50% afsláttur*

af allri útsöluvöru við kassa

## Verðdæmi

| Verð áður | götumarkaðs-verð | afsláttur |
|---|---|---|
| ~~999~~ | 500 | 50% |
| ~~1.499~~ | 750 | 50% |
| ~~1.999~~ | 1.000 | 50% |
| ~~2.499~~ | 1.250 | 50% |
| ~~3.999~~ | 2.000 | 50% |
| ~~4.999~~ | 2.500 | 50% |

*af upprunalegu verði

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

www.hagkaup.is



## KJÖRKASSINN

*Eiga fyrrverandi ráðherrar að fá eftirlaun meðan þeir gegna enn opinberum störfum?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 5% |
| Nei | 95% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ferðu til tannlæknis á hverju ári?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Sjálfstæðismenn gagnrýna kaupin á Stjörnbíósreitnum:

# R-listinn samþykkir að gerð verði úttekt

**BORGARMÁL** Borgarfulltrúar R-listans samþykktu í gær tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar verði falið að gera úttekt á kaupum borgarinnar á svokölluðum Stjörnubíósreit við Laugaveg 86 – 94.

Ég fagna því að þessi tillaga hafi verið samþykkt,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti sjálfstæðismanna. „Það kom mér ekki á óvart að hún skyldi vera samþykkt því á hvaða forsendum átti að hafna henni?“

Vilhjálmur segir að athugun borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins á kaupunum leiði í ljós að borgin hafi keypt lóðina á alltof dýru verði af Jóni Ólafssyni árið 2002. Borgin hafi greitt 140 milljónir fyrir lóðina og síðan hafi það kostað 17 milljónir að rífa hús á svæðinu. Kostnaður borgarinnar af kaupunum hafi verið um 39 þúsund krónur á fermetra á meðan hámarksmarkaðsverð lóða á þessum stað á þessum tíma hafi verið um 25 þúsund krónur á fermetra. Kaup borgarinnar hafi því verið um 55 prósentum yfir hæsta markaðsverði.

Vilhjálmur segist reikna með því að úttektinni verði lokið eftir fáeina mánuði.

„Innri endurskoðun borgarinnar er tiltölulega ung stofnun og að minni hyggju verður þetta ákveðinn prófsteinn á hennar störf.“

-th



**FRAMKVÆMDIR VIÐ LAUGAVEG**
Verið er að byggja þriggja hæða bílastæðahús neðanjarðar á Stjörnubíóreitnum á Laugavegi.

Borgarstjóri:

# Rakalausar dylgjur

**BORGARMÁL** „Við erum margoft búin að fara yfir þetta mál og svara spurningum minnihlutans og það er ekkert verið að fela við þessi kaup og ekkert óeðlilegt við þau og í því ljósi fannst okkur eðlilegt að Innri endurskoðun geri þessa úttekt til að ljúka málinu,“ segir Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri um samþykkt R-listans á tillögum Sjálfstæðisflokksins í borginni.

Steinunn segir að það sé ekki síst mikilvægt að fá endanlega skorið úr þessu máli í ljósi þess menn hafið haldið uppi „rakalausum dylgjum um að málið hafa markast af því að tiltekinn maður átti lóðina“. - bs

Spænskir vísindamenn:

# Leita beina Kólumbusar

**SPÁNN, AP** Spænskir vísindamenn sem reyna að leysa ráðgátuna um hvar bein Kristófers Kólumbusar eru grafin hafa orðið sér úti um leyfi til að grafa upp líkamsleifar í Dóminíkanska lýðveldinu. Grunur leikur á um að bein Kólumbusar séu grafin þar en ekki á Spáni.

Spænsk stjórnvöld segja bein Kólumbusar grafin í dómkirkju í Sevilla. Dóminíkönsk stjórnvöld segja réttu beinin hins vegar í minnisvarða um Kólumbus í Dóminíkanska lýðveldinu.

Vísindamennirnir ætla að athuga hvort finna megi DNA í beinunum í Dóminíkanska lýðveldinu og bera það saman við afkomendur hans og bein bróður hans og sonar. ■



**ÓLÖGLEGT VINNUAFL**
Útlendingar sem koma hingað til lands og vinna „svart“ við byggingavinnu eru ekki hjá stóru fyrirtækjunum, heldur hjá þeim litlu sem taka að sér smærri verk, að sögn Samiðnar. Myndin er alls ótengd efni fréttarinnar.

# Fela ekki lengur ólöglega vinnu

**Grunur leikur á að útlendingar starfi mjög víða ólöglega að byggingastörfum hér á landi. Samiðn segir, að það séu „smákallarnir“ sem standi í því að ráða slíkt vinnuafl. Þeir séu í smáverkum og geti látið hluti hverfa eins og vinnulaun.**

**ATVINNUMÁL** Starfsmenn Samiðnar, sambands iðnfélaga, hafa verið að sjá mörg tilvik á undanförnum vikum, þar sem grunur leikur á að um ólöglega atvinnustarfsemi útlendinga sé að ræða. Finnbjörn A. Hermannsson segir að sú breyting hafi orðið, að áður hafi þessir ólöglegu menn unnið í öllum skúmaskotum, en nú séu þeir farnir að vinna fyrir opnum tjöldum.

„Við erum búnir að fara á ótal marga vinnustaði síðan í desember,“ sagði hann. „Menn eru orðnir svo öruggir í þessu því það er aldrei hróflað við einu eða neinu. Nú eru þeir farnir að vinna á dagvinnutíma inni í almennum byggingum.“

Finnbjörn sagði að Samiðn hefði í desember hafið könnun á þessari starfsemi með ólöglegt erlent vinnuafl og stæði hún fram á vorið. Hlutur erlenda vinnuaflsins væri aðeins hluti af þeirri könnun, því hún næði til þess hverjir væru almennt að vinna störf iðnaðarmanna. Hörgull væri á þeim þessa dagana og þá færu aðrir í störfin.

Finnbjörn sagði að könnunin væri bundin við suðvesturhornið. Hefði verið farið á allmarga vinnustaði og málið verið kannað. Því yrði haldið áfram. Að þessari könnun lokinni ættu að liggja fyrir staðreyndir um hversu mikið væri af ólöglegu vinnuafli í byggingariðnaði á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni. Ef marka mætti það sem talað væri á vinnustöðum væri mjög mikið um þetta.

„Við höfum ekki áhyggjur af stærri fyrirtækjum í þessu tilliti,“ sagði Finnbjörn. „Þau eru með sitt bókhald í lagi og leika ekkert svona hluti. Ef menn koma ólöglega inn í landið þá eru þeir vitanlega í svartri atvinnustarfsemi. Þeir taka laun sem ekki eru gefin upp. Stærri aðilar sem ætla að vera áfram á markaðnum bjóða sjálfum sér ekki upp á slíkt.

Það eru þessir smákallar sem eru í þessum undanskotum. Þeir eru í smáverkum þar sem þeir geta látið hluti hverfa eins og vinnulaun og annað þess háttar.“

Finnbjörn sagðist telja fulla ástæðu til að Alþýðusamband Íslands kæmi að þessu máli með Samiðn og athugaði fleiri greinar atvinnulífsins í þessu tilliti. Það hefði verið rætt við ASÍ, sem alls ekki hefði tekið illa í aðild að víðtækari athugun.

jss@frettabladid.is



**HRINGBRAUT Í REYKJAVÍK**
Framkvæmdir við Hringbraut eru á áætlun. Byrjað verður að steypa göngubrýr í vikunni.

Verklok í október:

# Hringbraut á áætlun

**SAMGÖNGUR** Ekið verður um hluta nýju Hringbrautarinnar í Reykjavík í maí. Hafliði Richard Jónsson, verkefnastjóri hjá Vegagerðinni, segir verklok 15. október.

Hafliði segir framkvæmdir á áætlun. Fyrirtækin Háfell og Eykt standi sameiginlega að verkinu. Háfell sjái um jarðframkvæmdir og Eykt um uppsteypu á undirgöngum og göngubrúm.

„Samningur við verktaka hljóðar upp á 1.200 milljónir,“ segir Hafliði. Verkið geti farið um tíu prósent fram úr áætlunum. Það kosti í heild um 1.600 milljónir.

- gag

Flugfreyjur:

# Semja við Icelandair

**KJARAMÁL** Kjaraviðræður Iceland Express og Flugfreyjufélags Íslands eru ekki hafnar. Samist hefur milli eigenda og flugfreyja Icelandair.

Þóra Sen, skrifstofustjóri hjá Flugfreyjufélagi Íslands, segir viðræður við Iceland Express hefjast fljótlega. Miklar annir hafi verið hjá félaginu og því hafi verið ákveðið að fresta viðræðum fram yfir áramót.

Þóra segir nú fundað með Flugfélagi Íslands. Félagið eigi einnig eftir að semja við Íslandsflug. Málin séu í eðlilegum farvegi. - gag



**VIÐ KÁRAHNJÚKA**
Ríflega 40 erlendir verkamenn eru á leið til Íslands.

Impregilo:

# 90 umsóknir

**KÁRAHNJÚKAR** 90 umsóknir bárust á Íslandi og í gegnum evrópskan vinnumiðlunarvef við auglýsingu Impregilo í byrjun janúar.

30 umsækjendum hefur þegar verið boðin vinna og sex hafa þegið hana og níu Íslendingar hafa verið beðnir um upplýsingar.

Ríflega 40 erlendir verkamenn eru á leið til Íslands. Þeir eru einkum frá Kína en líka frá Pakistan, Rússlandi og einn frá Kólumbíu.

- ghs

Þjóðverjar:

# Flytja mest allra út

**ÞÝSKALAND, AP** Þjóðverjar eru mesta útflutningsríki heims annað árið í röð samkvæmt tölum þýsku hagstofunnar. Þar kemur fram að Þjóðverjar hafi flutt út vörur fyrir andvirði 59.600 milljarða króna.

Bandaríkjamenn komu næstir Þjóðverjum, þeir fluttu út vörur og þjónustu að andvirði 46.000 milljarða fyrstu ellefu mánuði ársins og var talið ólíklegt að þeir hefðu flutt út það mikið í desember að það hefði fleytt þeim í efsta sæti upp fyrir Þjóðverja.

Styrking evrunnar virðist ekki hafa haft áhrif á útflutning Þjóðverja sem jókst um tíu prósent á sama tíma og innflutningur jókst um 7,7 prósent. ■

Forsvarsmenn alþjóðlegra verkalýðshreyfinga:

# Skoða aðstæður við Kárahnjúka

**KÁRAHNJÚKAR** Ítalska verkalýðshreyfingin kemur til Egilsstaða í kvöld og fer að Kárahnjúkum á morgun og eyðir þar deginum. Forystumennirnir koma svo suður á föstudag.

Ítölsku verkalýðsfélögin og Alþjóðabyggingasambandið hafa sent frá sér yfirlýsingu vegna heimsóknarinnar þar sem bent er á að samkomulag við Impregilo hafi verið undirritað í Rómarborg í nóvember 2004.

Heimsóknin til Impregilo á Kárahnjúka er liður í undirrituðu alþjóðlegu samkomulagi og á að færa til sanns vegar vilja Impregilo um að eiga gott samstarf við verkalýðsfélögin sem feli í sér að allt sé á hreinu.

Takmarkið er að gefa ítölsku verkalýðsfélögunum og alþjóðabyggingasambandinu tækifæri til að kynnast og ganga úr skugga um hvernig málum er háttað á Kárahnjúkum.

- ghs



**ERLENDIR STARFSMENN**
Carlos Santos frá Portúgal, Zhu Xiao Jin og Zu Ren Jin frá Kína eru starfsmenn Impregilo. Þarna eru þeir að ráða ráðum sínum en vinna þeirra þennan daginn fólst í því að setja upp turn vegna malarflokkunar. Fólk af 26 þjóðernum starfar hjá Impregilo.

## EVRÓPA

**STÖÐVUÐU ÚTSENDINGU** Franska útvarpsstöðin France Inter hætti útsendingum í um hálftíma í gærmorgun eftir að mótmælendur ruddu sér leið inn í upptökuklefa stöðvarinnar. Starfsfólk úr afþreyingariðnaðinum tók völdin á útvarpsstöðinni til að mæta forystumönnum atvinnurekenda og ákvað stjórnandi stöðvarinnar að hætta útsendingu.

**PÁFI HITTI GYÐINGA** Jóhannes Páll páfi annar tók á móti 160 leiðtogum gyðinga í gær. Forystumenn gyðinga héldu á fund páfa til að þakka honum fyrir viðleitni hans til að bæta samskipti gyðinga og kaþólikka.

# BLÁA BOMBAN

## ER SPRUNGIN

# 20%

## VIÐBÓTARAFSLÁTTUR

af útsöluverði reiknast við kassa

Komdu og gerðu ótrúleg kaup - áður en allt klárast!

DEBENHAMS

SMÁRALIND

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 27099 01/2005




## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvað tekur stærsta farþegaflugvél heims marga farþega?*

2 *Hvaða tákn hefur Evrópusambandið til umræðu að banna?*

3 *Hvaða stórmót í tennis hófst í fyrradag?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Formaður Matsveinafélagsins mótmælir auglýsingaskilti:

# Ég er ekki getinn af djöflinum

**VERSLUN** Skúli Einarsson, nýkjörinn formaður Matsveinafélags Íslands, hefur mótmælt harðlega auglýsingaskilti sem hangið hefur um hríð í versluninni 10 – 11 í Grímsbæ. Á því stendur: „Guð gaf okkur lambakjötið, en djöfullinn gaf okkur kokkana.“

„Ég viðurkenni ekki að ég sé getinn af djöflinum, né heldur að aðrir kokkar séu það,“ sagði Skúli. Hann kvaðst hafa hringt í viðkomandi verslun til að kvarta undan þessum texta á skiltinu, enda væri hann fyrir neðan allar hellur.

„Áður en ég lét til skarar skríða hafði fólk hringt í mig vegna þess arna, fyrir okkar hönd,“ sagði Skúli. „Svo ég hringdi í verslunina en stúlkan sem ég ræddi við brúkaði bara kjaft. Ég íhuga nú að leita álits lögfræðinga á þessu. „Skúli er nýkjörinn formaður í félaginu, eins og áður sagði, 78 ára að aldri. Hann hefur gegnt starfi varaformanns til fjölda ára.

„Það verður lögð mikil áhersla á að fjölga félagsmönnum sem eiga að vísu að vera hér, en eru hist og her,“ sagði Skúli. „Það er mikið andvaraleysi af mönnum að vera ekki í sínu félagi og efla það.“

- jss



**MÓTMÆLIR**
Skúli Einarsson nýkjörinn formaður Matsveinafélags Íslands við skiltið góða, þar sem segir að Guð hafi gefið fólki lambakjötið en djöfullinn kokkana. Skúli mótmælir harðlega.



**MOGENS LYKKETOFT**
Formaður Jafnaðarflokksins í Danmörku hóf kosningabaráttuna á sunnudag með því að lofa að skapa 50.000 ný störf.

Danmörk:

## Atvinna og velferð

**POLITIKEN, DANMÖRK** Danskir jafnaðarmenn hófu kosningabaráttu sína á sunnudag með því að lofa að skapa 50.000 ný störf á næsta kjörtímabili, fái þeir til þess umboð, og ætla að auka fjárveitingar til atvinnusköpunar um rúma 19 milljarða.

Þetta er meðal þess sem kom fram þegar Mogens Lykketoft, formaður flokksins kynnti stefnuskrána „Made in Denmark“. Hann gagnrýndi núverandi stjórn harðlega fyrir að 40.000 störf á almennum markaði hafa tapast síðan skipt var um ríkisstjórn í nóvember 2001. Þeir málaflokkar sem flokkurinn leggur áherslu á eru menntamál, aukin atvinna og velferð fyrir alla. ■

# Neytendasamtökin styrkja prófmál gegn olíufélögum

**Einstaklingur sem höfðar skaðabótamál gegn olíufélögunum vegna verðsamráðs mun njóta fjárhagslegs stuðnings Neytendasamtakanna. Lögmaður segir að kröfugerð verði send á næstunni en olíufélögin geti leyst málið utan dómstóla.**

**VERÐSAMRÁÐ** Stjórn Neytendasamtakanna hefur ákveðið að samtökin styðji fjárhagslega við bakið á skaðabótamáli einstaklings gegn olíufélögunum vegna verðsamráðs þeirra.

Jóhannes Gunnarsson, formaður samtakanna, segir að þau geti ekki sjálf farið í mál fyrir hönd neytenda. Þess vegna hafi þessi leið verið valin og það hafi verið óumdeilt í stjórninni. Hann segir að nú séu samtökin að meta hugsanlegt tjón almennings af verðsamráðinu. Hann hvetur fólk sem á eldsneytisnótur frá árinu 1995 til 2002 til að hafa samband við Neytendasamtökin, bæði til þess að hjálpa við að meta tjónið og vegna hugsanlegra málaferla.

Enn er ekki búið að ákveða fyrir hönd hvaða einstaklings málið verði höfðað. „Það er verið að fara yfir þau gögn sem komin eru og ákvörðun um það verður tekin á næstunni.“ Jóhannes segir erfitt að giska á hvað málaferlin muni kosta Neytendasamtökin. „Málið er hins vegar það alvarlegt að við förum í þetta óhikað. Olíufélögin fóru þannig með neytendur að það er ekki hægt að standa hjá aðgerðalaus. Það er búið að hafa af þeim mikla fjármuni. Ég tala nú ekki um ef við tökum óbeint tjón vegna hækkunar neysluvísitölu sem hefur leitt til hækkunar á verðtryggðum skuldum heimilanna. Það tjón verður aldrei sótt í sjóði félaganna þannig að neytendur eiga aðeins möguleika á því að ná hluta af því tjóni til baka sem þeir hafa orðið fyrir.“

Eggert B. Ólafsson lögmaður mun sjá um málflutning í málinu fyrir hönd neytenda. Hann segir að nú sé unnið að því að forma kröfugerð og málið verði þingfest á næstunni. „Það verður gert á næstu vikum. Við byrjum á því að senda olíufélögunum kröfubréf,“ segir Eggert. „Olíufélögin hafa því tækifæri til að greiða tjónið án þess að það fari fyrir dómstóla.“

Nú þegar hafa stjórn Landsambands íslenskra útvegsmanna og forsvarsmenn Alcan óskað eftir skaðabótum frá olíufélögunum vegna samráðs. Auk þess liggur fyrir álit lögfræðinga Flugfélags Íslands vegna verðsamráðsins en ákvörðun um málshöfðun hefur ekki verið tekin.

Niðurstöðu áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli olíufélaganna er að vænta um næstu mánaðamót.

ghg@frettabladid.is



**JÓHANNES GUNNARSSON**
Formaður Neytendasamtakanna segir að samtökin geti ekki sjálf höfðað mál gegn olíufélögunum. Þess vegna hafi verið ákveðið að styðja einstakling fjárhagslega í prófmáli.






Rannsóknir háskólamanna í umdeildum málum:

## Skapar tortryggni í garð háskólans

**VERÐSAMRÁÐ** Páll Skúlason, rektor Háskóla Íslands, segir að það kunni að orka tvímælis að starfsmenn skólans taki beinan þátt í rannsóknum á umdeildum þjóðfélagsmálum. Þetta segir hann aðspurður um skýrslu Tryggva Þórs Herbertssonar, forstöðumanns Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, og Jóns Þórs Sturlusonar, sérfræðings á stofnuninni, sem þeir gerðu í eigin nafni fyrir olíufélögin. Skýrslan var lögð fram til varnar olíufélögunum í haust vegna verðsamráðs þeirra.

Við málflutning fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála í síðustu viku deildu lögmenn Samkeppnisstofnunar hart á skýrsluna. Tvímenningarnir fullyrtu í skýrslunni að mat Samkeppnisstofnunar á hagnaði olíufélaganna af samráði væri óröksstutt og líkur væru á að hagnaðurinn ætti sér eðlilegar skýringar.

Páll segir að þetta fyrirkomulag verði trúlega skoðað. Hins vegar sé ljóst að mönnum sé frjálst að taka að sér verkefni utan við starf þeirra hjá háskólanum. „Ég hef fulla trú á því að fræðimenn hér vinni af heilindum og heiðarleika en þegar menn vinna álit sem er keypt af aðilum sem eiga ríkra hagsmuna að gæta þá getur það vakið tortryggni. Það er óheppilegt fyrir háskólann.“

– ghg



**PÁLL SKÚLASON**
Rektor Háskóla Íslands segir að þegar fræðimenn innan háskólans vinni álit sem er keypt af aðilum sem eiga ríkra hagsmuna að gæta í umdeildum málum þá geti það vakið tortryggni í garð skólans.

Sektir olíufélaganna:

## Hluti renni til eftirlits

**VERÐSAMRÁÐ** Ef áfrýjunarnefnd samkeppnismála kemst að þeirri niðurstöðu að olíufélögin eigi að greiða sektir vegna samráðs munu fjármunirnir renna nánast samstundis í ríkissjóð. Í niðurstöðu samkeppnisráðs, sem olíufélögin hafa áfrýjað til áfrýjunarnefndarinnar, kom fram að olíu-félögin ættu að greiða tæpa þrjá milljarða í sektir.

Páll Magnússon, aðstoðarmaður iðnaðar- og viðskiptaráðherra segir ekkert ákveðið um það hvort féð verði notað til sérstakra verkefna. Lúðvík Bergvinsson, þingmaður Samfylkingar, segir að flokkurinn hafi sett fram hugmyndir um að eitthvað af fjárhæðinni renni til rekstrs Neytendasamtakanna og til Samkeppnisstofnunar.

– ghg



**LÚÐVÍK BERGVINSSON**
Segir Samfylkinguna vilja styrkja eftirlitsstofnanir með hluta af sektargreiðslum olíufélaganna.



# bylting
## í matvöruverslun

höfum opnað
10-11 Lágmúla aftur
eftir glæsilegar endurbætur

**lifi þægindin!**

10-11
...þegar þér hentar



**VATNSBURÐUR Í SÚDAN**
Súdanskur drengur ber vatn í óhreinu íláti í Rumbek í suðurhluta Súdans. Jan Pronk, háttsettur maður innan Sameinuðu þjóðanna, kom til Súdans í gær. Hann mun semja við þarlend yfirvöld um friðargæslu í landinu. Nýlegir friðarsamningar bundu enda á 21 árs borgarastyrjöld í Súdan.

Aceh-hérað á Súmötru:

# Danir vara við hættu

**INDONESÍA, AP** Leiðtogi uppreisnarmanna í Aceh-héraði í Indónesíu segir að ekki verði ráðist gegn erlendum hjálparstarfsmönnum. Viðtalið kom í kjölfar viðvarana danskra yfirvalda í gær um yfirvofandi hættu á árás skæruliða. Dönsk stjórnvöld vildu ekki gefa upp hvaðan þeir höfðu heimildir fyrir þessu en sænska utanríkisráðuneytið hefur staðfest að þeir hafi fengið sömu upplýsingar og Danir.

Síðar í gær sendu Sameinuðu þjóðirnar frá sér aðvörun um aukin viðbúnað á meðan verið væri að rannsaka viðvaranir Dananna. Áður höfðu fulltrúar Sameinuðu þjóðanna og indónesíska hersins ítrekað að þeir hefðu engar ábendingar fengið um hótanir gegn hjálparstarfsmönnum.

Í síðustu viku krafðist indónesíski herinn þess að hermenn myndu fylgja erlendum hjálparstarfsmönnum þegar þeir ferðuðust utan Banda Aceh, til að verjast árásum hreyfingarinnar Frelsum Aceh, betur þekkt sem GAM. Skæruliðarnir hafa barist fyrir sjálfstæði Aceh í þrjá áratugi. Forsvarsmenn hreyfingarinnar eru í útlegð í Svíþjóð. ■



**FÁ FRIÐ TIL AÐ STARFA**
Teungku Mucksalmina, 31 árs leiðtogi uppreisnarmanna í Aceh-héraði, neitaði því að ráðgert sé að ráðast á erlenda hjálparstarfsmenn á svæðinu.

Teikningar Muggs:

# Kona kærir sýslumann

**LÖGREGLUMÁL** Kona sem ásakar mann um stuld á þremur teikningum Muggs hefur kært ákvörðun sýslumannsins á Patreksfirði, um að fella málið niður, til ríkissaksóknara.

Þórólfur Halldórsson sýslumaður segir kæruna fresta því að teikningarnar verði afhentar manninum sem hafi haft þær undir höndum. Þær séu því enn í vörslu lögreglu eins og síðustu tvö ár.

Hjá ríkissaksóknara var sagt að ákveðið yrði hvort afgreiðslumátinn verði staðfestur, þurfi frekari rannsóknar við eða verði felldur úr gildi. Það taki um tvær vikur. **- gag**

Condoleezza Rice:

# Vill bæta samskiptin

**BANDARÍKIN, AP** „Heimurinn er að sammælast um að við höfum náð árangri í Írak,“ sagði Condoleezza Rice þegar hún svaraði spurningum öldungadeildarþingmanna. Öldungadeildin þarf að samþykkja útnefningu hennar sem utanríkisráðherra áður en hún getur tekið við embætti.



**YFIRHEYRÐ Í ÞINGINU**
Þingmenn saumuðu stundum að Rice en hún þykir örugg um samþykki þeirra.

Rice sagðist leggja áherslu á að bæta samskiptin við þau ríki sem Bandaríkin hefðu lent í deilum við vegna mismunandi viðhorfa til utanríkismála. Hún neitaði að tímasetja brotthvarf Bandaríkjahers frá Írak. „Markmiðið er að ljúka verkefninu. Nú einblínum við á öryggi í tengslum við kosningarnar,“ sagði hún þingmönnum. ■

# Ákvörðunin var ekki rædd fyrir fram

**Í yfirlýsingu Halldórs Ásgrímssonar kemur fram að ákvörðunin um að styðja innrásina í Írak hafi ekki verið rædd í ríkisstjórn, né á Alþingi, áður en hún var tekin. Málefni Íraks hafi hins vegar verið margrætt.**

**ÍRAKSMÁLIÐ** Í ljósi endurtekinnar fjölmiðlaumræðu um aðdraganda þeirrar ákvörðunar íslenskra stjórnvalda að styðja Bandaríkjamenn, Breta og fleiri þjóðir vegna innrásarinnar í Írak í marsmánuði árið 2003 vill Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra ítreka eftirfarandi:

Íraksmálið var rætt nokkrum sinnum í utanríkismálanefnd og á Alþingi veturinn 2002 – 2003 en þann 12. mars 2003 felldi meirihluti nefndarinnar að afgreiða úr nefnd tillögu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til þingsályktunar um að „ríkisstjórnin beiti sér gegn áformum um innrás í Írak og að Ísland standi utan við hvers kyns hernaðaraðgerðir gegn Írak“.

Málið var rætt síðar um daginn í þingsal undir dagskrárliðnum Um störf þingsins og sagði þáverandi utanríkisráðherra þá m.a: „Nú liggur fyrir að meiri hluti þingsins útilokar það ekki að valdi verði beitt í þessum málum. ... en það liggur alveg ljóst fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar að það er ekki hægt að ná friði og friðsamlegri lausn varðandi Írak nema að baki liggi alvarleg hótun.“

Þingi var slitið 14. mars 2003 vegna komandi Alþingiskosninga og var þá einnig gert hlé á fundum þingflokks framsóknarmanna.

Að morgni þriðjudagsins 18. mars 2003 var ríkisstjórnarfundur og var Íraksmálið fyrsta málið á dagskrá. Sá fundur var undir stjórn Halldórs Ásgrímssonar utanríkisráðherra vegna forfalla Davíðs Oddssonar forsætisráðherra. Í kjölfar þess fundar ákváðu þáverandi utanríkisráðherra og forsætisráðherra að styðja aðgerðir undir forystu Bandaríkjamanna og Breta um að afvopna Saddam Hussein og var sendiherra Bandaríkjanna tilkynnt um það.

Í afstöðu íslenskra stjórnvalda fólst pólitískur stuðningur við aðgerðir til að koma Saddam Hussein frá völdum. Jafnframt myndu stjórnvöld heimila notkun á Keflavíkurflugvelli til flutninga auk þess sem umferð um lofthelgi Íslands væri heimil á sama hátt og tíðkast hefur í slíkum tilvikum frá seinni heimsstyrjöld. Þá var því og lýst yfir að Ísland myndi styðja uppbyggingarstarf í Írak að átökum loknum.

Þann 20. mars 2003 réðust bandamenn inn í Írak. Í yfirlýsingu frá Hvíta húsinu var getið um stuðning ýmissa þjóða við aðgerðirnar, þar á meðal 18 af 26 þjóðum Atlantshafsbandalagsins. ■



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON**
Segir í yfirlýsingu sinni að Íraksmálið hafi verið rætt í ríkisstjórn 18. mars 2003, daginn sem hann og Davíð Oddsson tóku ákvörðun um að styðja innrásina. Ákvörðunin sjálf var ekki rædd.






Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

# Höfðu ekki umboð



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, varaformaður Samfylkingarinnar, segir yfirlýsinguna ekki skýra málið. „Forsætisráðherra þarf náttúrlega ekki að gefa út neina yfirlýsingu til að segja okkur að Íraksmálið hafi mikið verið rætt og víða, það vita allir. Það er ekki það sem málið snýst um, heldur það hvort þeir hafi sótt umboð til þess að taka þá ákvörðun sem þeir tóku. Nú liggur alveg ljóst fyrir að sú ákvörðun, að lýsa yfir stuðningi við innrásina var tekin af tveimur mönnum. Þeir sóttu ekki umboð til ríkisstjórnarinnar, þeir sóttu ekki umboð til þingflokkanna, ekki til Alþingis, ekki til utanríkismálanefndar og enn síður til þjóðarinnar. Og enn þá hafa þeir ekkert umboð fengið. Það liggur ljóst fyrir eftir þessa umræðu að þetta var ekki upplýst fyrir þeirra atbeina, heldur annarra.

Mér finnst alveg ólíðandi að tveir menn skuli ganga fram með þessum hætti og skuldbinda þjóðina siðferðilega í hernaðarátök. Ég get ekki séð hvaða leiðir þeir hafa til þess miðað við þau lög og reglur sem menn eiga að starfa eftir. Það er alveg ljóst að slíka ákvörðun á ekki að taka nema í samráði við utanríkismálanefnd. Öllum hlýtur að vera ljóst að þetta er meiriháttar ákvörðun. Það getur ekki talist minniháttar ákvörðun að ljá máls á siðferðilegum stuðningi við innrás sem ekki nýtur viðurkenningar alþjóðasamfélagsins.“ ■

Steingrímur J. Sigfússon:

# Halldór tvísaga



**STEINGÍMUR J. SIGFÚSSON**

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, segir að yfirlýsingin bæti engum nýjum upplýsingum við. „Hún staðfestir hins vegar að Halldór sjálfur er tvísaga, ef ekki margsaga, í málinu. Hún staðfestir enn fremur að honum ber engan veginn saman við þingmenn í eigin flokki og ekki einu sinni alveg við varaformann sinn og ráðherra í ríkisstjórn, Guðna Ágústsson.

Yfirlýsingin gerir því ekkert annað en að auka á vandræðaganginn hjá þeim og þannig mun það verða þangað til þeir átta sig á því að þeir verða einfaldlega að leggja spilin á borðið og hjálpa til við að upplýsa þetta mál að fullu.

Gera ætti opinber öll samtöl, símtöl, fundargerðir og annað sem máli skiptir varðandi aðdraganda þessa máls og tel ég að aflétta eigi trúnaði á fundargerðum ríkisstjórnar og utanríkismálanefndar þar sem Íraksmálið var rætt. Þá hafa menn staðreyndirnar fyrir sér og þá geta menn horfst í augu við þau mistök sem þarna urðu og ákveðið í framhaldinu hvað ber að gera.

Það hefur smátt og smátt skýrst að þarna varð mönnum stórlega á hvað varðar lýðræðisleg, þingræðisleg og jafnvel lögboðin vinnubrögð. Það verður auðvitað að gera þau mál upp, það er ekki hægt að ætla að yppa öxlum yfir því og segja að menn eigi að hætta að ræða fortíðina og horfast í augu við framtíðina. Svona hlutir fyrnast nú ekki svo glatt.“ ■

# CITROËN



**Xsara Picasso SX 5 gíra 1,8 117 hö***

**TILBOÐSVERÐ = 1.849.000 kr.**
**LEIGA = 32.998 kr.**
**LÁN = 24.484 kr.**
**ÞÚ BORGAR AÐEINS 184.900 ÚT**

**Staðalbúnaður Xsara Picasso:**
ABS hemlar
Armpúðar á framsætum
Upphitanleg framsæti
Hæðarstilling á bílstjórasæti
Veltistýri
Sjálfskiptur eða beinskiptur
Akstурstölva
Útihitamælir með ísingarviðvörun
Geislaspilari með fjarstýringu
Fjórir öryggispúðar
Öryggispúði farþega aftengjanlegur
Stillanleg hraðaviðvörun

# Ævintýralega auðvelt

# @24.484

**Komdu strax. Tilboðin gilda út janúar.**

**Íslendingar kunna að meta munað og gæði. Þess vegna hafa á annað þúsund kröfuharðar fjölskyldur valið nýja kynslóð Citroën, bílinn sem fer sigurför um heiminn.**

**Citroën Xsara Picasso er einstaklega rúmgóður fjölnotabíll fyrir alla fjölskylduna, búinn ríkulegum útbúnaði sem á sér vart hliðstæðu í öðrum tegundum bíla í sama verðflokki.**

Þú velur byltingarkennda og hressandi hönnun Citroën Xsara Picasso; glæsilega fjölnotabílsins sem vekur óskoraða athygli hvar sem hann fer.

Þú horfir á ávalar línurnar og yfirbygginguna sem veita farþegum Xsara Picasso óhindrað útsýni. Þú sest inn og lítur yfir takmarkalaust rýmið. Þægindin og munaðurinn blasa hvarvetna við og farangurinn raðast áreynslulaust á sinn stað. Þú saknar einskis.

Íslendingar velja nýjan Citroën fyrir sig og fjölskylduna. Þeir vilja þægindi, gæði og góða þjónustu. Þú ert kröfuharður kaupandi. Þess vegna bætist þú í stóran hóp ánægðra viðskiptavina Brimborgar og velur nýjan Citroën á ævintýralega auðveldan hátt.

**Brimborg og Citroën gera þér lífið léttara – og skemmtilegra**

- lægra verð
- lægri mánaðargreiðslur
- staðgreiðslu fyrir gamla bílinn - beint í vasann

Nýttu þér 40 ára reynslu Brimborgar og gerðu bílaviðskiptin ævintýralega auðveld.

Þeir uppskera sem sá! Komdu í bíltúr. Upplifðu af eigin raun munað og þægindi Xsara Picasso. Hann svífur með þig á vit ævintýranna. Xsara Picasso gælir við farþega sína. Þú líður áfram eins og í draumi. Komdu núna.



**C3 SX 5 gíra 1,4 75 hö***
TILBOÐSVERÐ = 1.434.000 kr.
LEIGA = 26.622 kr.
LÁN = 18.989 kr.
ÞÚ BORGAR AÐEINS 143.400 ÚT



**Berlingo Multispace 5 gíra 1,4 75 hö***
TILBOÐSVERÐ = 1.560.000 kr.
LEIGA = 29.600 kr.
LÁN = 20.657 kr.
ÞÚ BORGAR AÐEINS 156.000 ÚT



**C2 VTR 5 gíra Sensodrive 1,6 110 hö***
TILBOÐSVERÐ = 1.585.000 kr.
LEIGA = 29.275 kr.
LÁN = 21.145 kr.
ÞÚ BORGAR AÐEINS 158.500 ÚT



**Xsara Picasso SX 5 gíra 1,8 117 hö***
TILBOÐSVERÐ = 1.849.000 kr.
LEIGA = 32.998 kr.
LÁN = 24.484 kr.
ÞÚ BORGAR AÐEINS 184.900 ÚT



**C5 X 5 gíra 1,8 117 hö***
TILBOÐSVERÐ = 2.070.000 kr.
LEIGA = 37.390 kr.
LÁN = 27.400 kr.
ÞÚ BORGAR AÐEINS 207.000 ÚT



**C8 SX Sjálfskiptur 2,0 138 hö***
TILBOÐSVERÐ = 2.999.000 kr.
LEIGA = 53.200 kr.
LÁN = 39.711 kr.
ÞÚ BORGAR AÐEINS 299.900 ÚT



BRIMBORG / GCI - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL ÍSLANDI

**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Citroën í dag. Komdu í café og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér Citroën.

**brimborg**
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.citroen.is**

* Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd: af C3 er álfelgur, þokuljós og samlitun; af C5 er álfelgur; af Berlingo er þokuljós; af C8 er álfelgur og samlitun; Xsara Picasso er álfelgur og samlitun.

MYNDLISTASKÓLINN
Í REYKJAVÍK

VORÖNN 2005

Innritun stendur yfir
mán.-fim. kl.13 - 18, fös. kl.13 - 17, sími 551 1990
Vorönn stendur frá 24. janúar - 19. maí 2005
www.myndlistaskolinn.is mynd@myndlistaskolinn.is
Myndlistaskólinn er til húsa í JL-húsinu, Hringbraut 121 - 2.hæð

TEIKNIDEILD — Kennarar
undirstöðugreinar sjónmennta
14 vikna námskeið

| | | | |
|---|---|---|---|
| Teikning 1 | þriðjud. | kl. 17:30-21:30 | Hilmar Guðjónsson |
| Teikning 1 | laugard. | kl. 09:00-13:00 | Ína Salóme Hallgrímsdóttir |
| Teikning 2 | mánud. | kl. 17:30-21:30 | Hilmar Guðjónsson |
| Teikning 2 | miðvikud. | kl. 17:30-21:30 | Hilmar Guðjónsson |
| Teikning 2 | fimmtud. | kl. 17:30-21:30 | Eygló Harðardóttir |
| Módelteikning | mánud. | kl. 17:30-21:30 | Margrét H. Blöndal |
| Módelteikning og mótun | laugard. | kl. 10:00-13:00 | Ragnhildur Stefánsd., Ingibj. Böðvarsd.,Sigrún Guðmundsd. |
| Formfræði og hönnun | miðvikud. | kl. 17:30-20:15 | Tinna Gunnarsd. og Sólveig Aðalsteinsd. |

6 vikna námskeið í portret- og módelteikningu

| | | | |
|---|---|---|---|
| Módelteikning a | miðvikud. | kl. 17:30-20:30 | Þorri Hringsson |
| Módelteikning b | miðvikud. | kl. 17:30-20:30 | Þorri Hringsson |
| Portret-teikning | laugard. | kl. 10:00-13:00 | Gunnar Karlsson |

MÁLARADEILD — Kennarar
14 vikna námskeið

| | | | |
|---|---|---|---|
| FRAMHALDSNÁMSKEIÐ Málun/teikning/grafík | fimmtud. | kl.17:30-20:15 | Margr.Blöndal, Sigtryggur Baldv. Hafdís Helgad.,og Ingibjörg Jóh. |
| Frjáls málun | föstud. | kl. 14:30-17:15 | Guðjón Ketilsson |
| Vatnslitur f.byrjendur | miðvikud. | kl. 17:30-20:15 | Hlíf Ásgrímsdóttir |
| Vatnslitur framhald | þriðjud. | kl. 17:30-20:15 | Hlíf Ásgrímsdóttir |

Morguntímar í málun, 14 vikna námskeið

| | | | |
|---|---|---|---|
| Málun I | miðvikud. | kl. 09:00-11:45 | Hafdís Helgadóttir |
| Málun II | miðvikud. | kl. 09:00-11:45 | Sigríður Ólafsdóttir |
| Vatnslitur | þriðjud | kl. 09:00-11:45 | Hlíf Ásgrímsdóttir |

Litafræði, 7 vikna námskeið

| | | | |
|---|---|---|---|
| Litróf og skynjun lita | miðvikud. | kl. 17:30-20:15 | Eygló Harðardóttir |

KERAMIKDEILD
14 vikna námskeið

| | | | |
|---|---|---|---|
| Leirkerarennsla | mánud. | kl. 17:30-20:15 | Guðbjörg Káradóttir |
| Leirmótun | þriðjud. | kl. 17:30-20:15 | Guðný Magnúsdóttir |
| Grundvallar.Ker. Valáfangi 3 ein. | miðvikud. | kl. 17:30-21:30 | Guðný / Guðbjörg / Sigr.Erla |

KERAMIK fyrir íbúa utan höfuðborgarsvæðisins
2 vikna námskeið

| | | | |
|---|---|---|---|
| 9. - 13. maí | mán.-fös. | kl. 09:00-15:00 | Guðbjörg Káradóttir, Guðný Magnúsdóttir og Sigríður Erla Guðmundsd. |
| 15.-19. ágúst | mán.-fös. | kl. 09:00-15:00 | |

HELGARNÁMSKEIÐ

| | | | |
|---|---|---|---|
| Myndbandav. í tölvu II / Final Cut Pro | 22.4-25.4 | fö-la-su-má | Steinþór Birgisson |
| Hönnun og myndvinnsla InDesign og Photoshop. | 4.2.-7.2. | fö-la-su-má | Magnús Valur Pálsson |
| Ljósmyndun f. Byrjendur | 2.2.-7.2. | mi-la-su-má | Erla Stefánsdóttir |
| Ljósmyndun framhald | 20.4.-25.4. | mi-la-su-má | Kristín Hauksdóttir |

BARNA OG UNGLINGADEILD
teikning, málun, myndasögugerð, mótun, þrykk og m.fl.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 3-5 ára 7 vikna námsk. | laugard. | kl. 10:00-11:45 | Hildur Bjarnadóttir |
| 6-9 ára | alla virka daga | kl. 15:15-17:00 | Uppl.skrifst.og heimasíðu |
| 10-12 ára | miðvikud. | kl. 15:00-17:15 | Þorbjörg Þorvaldsdóttir |
| 10-12 ára | föstud. | kl. 15:00-17:15 | Margrét Zophoníasdóttir |
| 13-16 ára | laugard. | kl. 10:00-13:00 | Margrét Friðbergsdóttir |
| 13-16 ára | föstud. | kl.16:30-19:30 | Áslaug Thorlacius |
| leirmótun 10-12 ára | laugard. | kl. 10:00-12:15 | Guðbjörg Káradóttir |
| leirmótun 13-16 ára | föstud. | kl. 16:30-19:30 | Guðný Magnúsdóttir |
| Ljósmyndun 13-16 ára | föstud. | kl. 16:30-19:30 | Kristín Hauksdóttir |

14 vikna námskeið í GERÐUBERGI

| | | | |
|---|---|---|---|
| Leikur með liti og form 6 - 9 ára | þriðjud | kl. 15:15-17:00 | Brynhildur Þorgeirsdóttir |
| 6 - 9 ára | föstud. | kl. 15:15-17:00 | Þorbjörg Þorvaldsdóttir |
| Teikning, málun og mótun. 10 - 12 ára | miðvikud. | kl. 15:00-17:15 | Brynhildur Þorgeirsdóttir |
| Ævintýraheimur myndasögunnar / myndlist og myndasögugerð 10 - 12 ára | fimmtud. | kl. 15:00-17:15 | Kristín Reynisdóttir |




Fimmtíu ár síðan tveir togarar Norðfirðinga fórust:

# Minnisvarði um sjóslys

**MINNING** Fyrir um fimmtíu árum fórust tveir togarar Norðfirðinga, Egill rauði og Goðanes, með minna en 2 ára millibili. Í gær samþykkti bæjarráð Fjarðabyggðar að reisa minnisvarða vegna sjóslysanna.

Minnisvarðinn verði jafnframt til marks um fádæma þrekraun og kjark björgunarmanna sem stóðu að björguninni og virðingu sem íbúar sveitarfélagsins sýna þeim sjómönnum sem farist hafa á hafi úti og við sjávarsíðuna.

Togarinn Egill rauði fórst undir Grænuhlíð í Ísafjarðardjúpi hinn 26. janúar 1955 og með honum 5 menn og togarinn Goðanes við Flesjar í Skálafirði í Færeyjum tæpum tveimur árum síðar og með honum einn maður.



**NESKAUPSTAÐUR**
Gera á minnisvarða vegna hörmulegra sjóslysa.

Minnisvarðinn verður ekki síður til marks um þá virðingu sem íbúar sveitarfélagsins sýna þeim sjómönnum sem farist hafa í og við sjó fyrr og síðar. Stefnt verði að því að afhjúpa minnisvarðann á sjómannadag árið 2006. ■

# Guðni stendur við fyrri orð

**Guðni Ágústsson segir að yfirlýsing forsætisráðherra staðfesti atburðarásina sem lá að baki ákvörðuninni um stuðning Íslendinga við innrásina í Írak. Íraksmálið hafi verið margrætt. Hins vegar var ákvörðunin sjálf ekki rædd.**

**ÍRAKSMÁLIÐ** „Þessi yfirlýsing staðfestir með skýrum hætti ákvörðun og atburðarás þessa máls. Þetta er sannleikur málsins og finnst mér gott að hann er kominn mjög skýrt fram þótt þetta hafi í rauninni oft verið sagt bæði af forsætisráðherra og utanríkisráðherra,“ segir Guðni Ágústsson, landbúnaðarráðherra.

„Það er alveg skýrt í mínum huga, og ég hef aldrei haldið öðru fram, að ákvörðunin um að styðja með pólitískri yfirlýsingu þessar hernaðaraðgerðir Breta, Bandaríkjamanna og fleiri lýðræðisríkja, hún er tekin af þeim sem það ber að gera. Enda segir að utanríkisráðherra skuli í samráði við forsætisráðherra taka slíkar pólitískar ákvarðanir,“ segir hann.

„Ég get staðfest það að þetta Íraksmál hefur á síðustu árum verið margrætt í ríkisstjórn, utanríkismálanefnd, á vegum Alþingis og í flokkunum, á fundum flokkanna, fyrir og eftir þessa miklu ákvörðun.“

- Ertu að bakka með það sem þú hefur áður sagt í fjölmiðlum, að ákvörðunin hafi aldrei verið rædd?

„Nei, mér finnst það ekki.“

- Manstu eftir ríkisstjórnarfundinum 18. mars?

„Já ég man eftir honum.“

- Og var þetta rætt þar?

„Það var fjallað um það að ef til þessa kæmi, að fara yrði með vopnavaldi inn í Írak til að taka Saddam Hussein úr umferð og snúa þróuninni þar við því hann ógnaði heimsfriðnum, myndum við styðja það pólitískt eins og við gerðum í Júgóslavíu og víðar. Eins og fram kemur í yfirlýsingu forsætisráðherra sneri það að lofthelginni, að Keflavíkurflugvelli og að því að við vorum sem þjóð tilbúin að taka þátt í uppbyggingu að þessu stríði loknu. Ég vil auðvitað hafa það á hreinu að orðtakið sem ég notaði í viðtalinu á Skjá einum: „Allt orkar tvímælis þá gert er,“ má nota í öllum svona stórum málum. Auðvitað brjóta menn heilann um það að þetta eru aldrei nein einföld eða auðveld mál.“



**GUÐNI ÁGÚSTSSON LANDBÚNAÐARRÁÐHERRA**
Segist ekki vera að bakka með það að ákvörðunin um stuðning við innrásina í Írak hafi ekki verið rædd. Hann segir að hins vegar hafi málefni Íraks verið margrætt.

-En ákvörðunin sjálf var ekki rædd?

„Ákvörðunin var ekki rædd í sjálfu sér. Staða málsins var auðvitað rædd oft og mörgum sinnum og áreiðanlega þennan dag líka þótt engin bókun sé til um það. Síðar þann dag tóku forsætisráðherra og utanríkisráðherra þessa ákvörðun eins og fram kemur í yfirlýsingunni. Það liggur jafnframt fyrir í utanríkismálanefnd að þar var tillaga Vinstri grænna felld af því að menn búast við því að það verði að fara með vopnum að Saddam.“

- Sú tillaga gekk heldur lengra en að styðja ekki innrásina, hún beinlínis fordæmir hana og lýsir andstöðu við hana. Jónína Bjartmarz, sem situr í utanríkismálanefnd, hefur skýrt frá því opinberlega að ákvörðunin sjálf hafi aldrei verið rædd í nefndinni og að nefndin hafi á engan hátt komið að þessari ákvörðun. Hvað segirðu um það?

„Ákvörðunin sjálf... menn eru náttúrlega búnir að margskýra hver staða málsins er og eins og ég hef sagt þá ber þeim að taka þessa ákvörðun. Ég lýsti því yfir á þeim tíma, í mars 2003 í Fréttablaðinu, að ég styddi þessa pólitísku ákvörðun forystumanna ríkisstjórnarinnar. Ég er ekkert að hopa frá því. Hitt mega menn svo hafa í huga að þessi 30 þjóða listi er auðvitað tilbúningur eftir á sem var að sjálfsögðu til í Washington. Menn voru ekkert að setja sig á þennan lista, heldur að lýsa yfir pólitískum stuðningi eins og í Júgóslavíu og víðar.“

- Getur þá verið að menn hafi ekki gert sér grein fyrir afleiðingum ákvörðunarinnar þegar hún var tekin?

„Ég tel að menn hafi gert sér grein fyrir því að verið var að sækja manninn sem var að beita efnavopnum. Bandaríkjamenn þekktu hann betur en aðrir menn, höfðu reyndar fóstrað hann hálfpartinn á tímabili og vissu sem var að hann var stórhættulegur. Hann hafði drepið milljón manns í sínu landi, þar á meðal konur og börn, þannig að Bandaríkjamenn og Bretar vissu það auðvitað upp á hár að í svona átökum verður eitthvert mannfall. Auðvitað bera allir harm í huga þegar til svona orrustu er lagt.“

**sda@frettabladid.is**

Guðni Ágústsson:

## Ákvörðunin rædd eftir á

„Þessir leiðtogar ríkisstjórnarinnar, Halldór Ásgrímsson og Davíð Oddsson, þeir tóku þessa ákvörðun. [...] um að vera á þessum lista.“

Guðmundur Steingrímsson: „Og það er þá rétt sem Kristinn [H. Gunnarsson] segir, að hún var ekki rædd fyrirfram í þingflokknum?“ Guðni Ágústsson: „Þeir tóku það, það er alveg viðurkennt, þeir tóku þessa ákvörðun. Auðvitað hefur hún síðan oft verið rædd í ríkisstjórn og í utanríkismálanefnd og þinginu.“ Guðmundur: Já síðan, en hún var ekki rædd fyrir í utanríkismálanefnd og ekki fyrir í þingflokknum?“ Guðni Ágústsson: „Auðvitað var oft búið að ræða um Íraksmál en þessa ákvörðun tóku þeir og af hverju þeir gerðu það með þessum hætti kann ég ekki að segja frá. Þeir verða auðvitað bara að verja sig í því.“ ■

Kristinn H. Gunnarsson:

## Málið ekki rætt á þingflokksfundi

„Guðni segir að Íraksmálið hafi verið margrætt í þingflokknum, það kannast ég ekki við,“ segir Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins. Hann vísar í ummæli Magnúsar Stefánssonar, þingmanns Framsóknarflokksins, sem situr í utanríkismálanefnd, sem birtust á forsíðu Fréttablaðsins 24. mars 2003. Þá sagði Magnús: „Við höfum ekki fjallað um þetta á þingflokksfundi, þannig að það liggur ekki fyrir nein umfjöllun um málið.“

Kristinn H. sem var þingflokksformaður á þessum tíma segist vera búinn að láta fara yfir þingflokksfundarbækur. „Ég stend við það að Íraksmálið var ekki rætt fyrir ákvörðun, hvorki almennt, né hvort við ættum að styðja innrásina í Írak, og hefur ekki verið rætt síðan,“ segir Kristinn. ■

Þokkaleg loðnuvertíð fram að þessu:

# Biðu í sólarhring eftir að fá að landa

**SJÁVARÚTVEGUR** Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Síldarvinnslunnar, segir að loðnuvertíðin hafi verið þokkaleg hingað til en ekki sé mikill kraftur í henni þessar tvær vikur sem af er.

Hákon frá Grenivík er nýkominn úr túr í gær og var að gera klárt fyrir frystingu á síðustu 200 tonnunum af loðnu fyrir Rússlandsmarkað. Áður hafði hann verið einn sólarhring úti á firðinum að frysta og bíða eftir að komast að bryggju.

„Það er ekkert of mikið pláss hérna í höfninni. Hún er orðin alltof lítil. Hún var dýpkuð að eins en það er ekki nóg,“ sagði Oddgeir Jóhannsson skipstjóri.

Um borð í Hákoni var búið að frysta hátt í 1.400 tonn í tveimur túrum. Oddgeir sagði að um 700 tonn hefðu farið í frystilestina og svo hefði eitthvað farið í gúanó. Tækin hefðu verið biluð og frystingin því gengið erfiðlega.

„Þetta hefur verið ágætt. Við höfum bara veitt eins og tækin leyfa,“ sagði hann.

- ghs



**SKIPSTJÓRINN Á HÁKONI**
Oddgeir Jóhannsson segir höfnina í Neskaupstað alltof litla.

Landað í Grindavík:

# Stór og góð loðna á land

**SJÁVARÚTVEGUR** Háberg GK, skip Samherja, landaði 1.150 tonnum af loðnu í Grindavík í gærmorgun.

Loðnan er sú fyrsta sem landað er í Grindavík á árinu, samkvæmt vef Samherja. Þar segir að hún sé stór og góð og fari öll í bræðslu.

Þorsteinn Símonarson, skipstjóri Hábergs, segir loðnuna hafa veiðst á flottroll á Seyðisfjarðardýpi. Um 34 tíma hafi tekið að sigla til Grindavíkur frá miðunum.

Samherji hefur keypt skipið Högaberg sem einnig er á loðnuveiðum, og leigt Seley ÞH sem á að flytja hráefni frá vinnsluskipunum.

- gag



**LANDAÐ ÚR HÁBERGI GK**
Vel gengur á loðnuveiðum hjá skipum Samherja. Fyrirtækið keypti skip í Færeyjum í síðustu viku sem þegar hefur hafið veiðar. Það leigði einnig skip í Grindavík sem flytja á afla af miðunum.



**HORST KOEHLER**
Þetta verður í annað sinn sem ísraelska þingið verður ávarpað á þýsku.

Ísraelskir þingmenn:

# Vilja ekki heyra þýsku

**JERÚSALEM, AP** Nokkrir ísraelskir þingmenn eru uggandi yfir væntanlegri ræðu sem Horst Koehler, forseti Þýskalands, ætlar að flytja á þýsku í ísraelska þinginu 2. febrúar. Þeir segja að það gæti ýft upp sár þeirra sem lifðu af helförina. Koehler mun ávarpa þingið í tilefni þess að 40 ár eru liðin síðan formleg tengsl mynduðust milli ríkjanna.

Nokkrir þingmenn hafa hótað að sniðganga athöfnina og segja hana móðgun við fórnarlömb helfararinnar og að það sé ekki tímabært að þýska fái að heyrast innan veggja þingsins. Þetta verður þó ekki í fyrsta sinn sem forseti Þýskalands ávarpar þingið því hann gerði það líka árið 2000. ■



**AUGLÝSINGUM KOMIÐ UPP**
Stuðningsmenn allra frambjóðenda í kosningunum í Írak vinna nú hörðum höndum að því að koma kosningaáróðrinum áleiðis.

Danski herinn:

# Heim eftir rúmt ár

**JYLLANDS-POSTEN, DANMÖRK** Verkefnum dönsku herdeildarinnar verður líklega lokið á næsta eina og hálfa ári. Þetta hefur Jyllands-Posten eftir yfirmanni deildarinnar, ofurstanum John Dalby. Hann segir það sitt að íraska stjórnin muni ekki fara þess á leit við dönsk stjórnvöld að herdeildin verði áfram í landinu þegar hún hafi lokið verkefnum sínum.

Þá vísar hann því á bug að ringulreið muni ríkja í Írak í kringum kosningarnar 30. janúar. Þær aðgerðir sem fréttist af þessa dagana séu aðgerðir öfgamanna sem eru á örvæntingafullan hátt að reyna að koma í veg fyrir framkvæmd kosninganna, sem muni færa Írak nær lýðræði og myndun ríkisstjórnar.

Danmörk er á lista hinna staðföstu þjóða. ■


SUBARU
MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN




FARÐU MILLIVEGINN

Subaru Impreza er búinn mörgum kostum jeppa; fjórhjóladrifinn, sterkbyggður og geysilega öflugur. Að auki er Subaru Impreza eini fjórhjóladrifni bíllinn í flokki millistórra bíla sem býðst sjálfskiptur. Hér er því á ferðinni verðugur valkostur sem hefur allt til að bera. Á Subaru Impreza ferðu milliveginn – **en samt alla leið.**



SYMMETRICAL AWD
JAFNVÆGI

Subaru aldrifið er hreint út sagt listaverk – lárétt Boxer vél og fullkomin fjórhjóladrifstækni tryggja hámarks rásfestu og veggrip á öllum hjólum. Hér ræður jafnvægið ríkjum og tryggir afl og aksturseiginleika sem eiga sér fáar hliðstæður í hvaða verðflokki sem er.

IMPREZA

Verð nú frá: 2.100.000 kr.
~~Verð áður frá: 2.160.000 kr.~~
Verð á mán: 24.303 kr.*



Í samstarfi við SP-FJÁRMÖGNUN HF

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 13:00–17:00

*Bílasamningur SP-FJÁRMÖGNUN með 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði

Fiton/SÍA

24 stundir

**EFTIRMÁL:** MEIÐYRÐAMÁL JÓNS ÓLAFSSONAR GEGN DAVÍÐ ODDSSYNI

## *Forsætisráðherra gæti orða sinna*

Um miðjan júní féll dómur í meiðyrðamáli Jóns Ólafssonar, athafnamanns gegn Davíð Oddssyni, þáverandi forsætisráðherra. Málið var þingfest í janúar í kjölfar ummæla Davíðs þess efnis að viðskipti Jóns hefðu brag af kaupum og sölu þýfis og voru þau ummæli dæmd dauð og ómerk í Héraðsdómi Reykjavíkur. Dómnum var ekki áfrýjað.



**Áhrif dómsins**

Sigríður Rut Júlíusdóttir segir að dómurinn hljóti að hafa einhver áhrif. „Með honum var viðurkennt að forsætisráðherra hefði með ummælum sínum gengið of langt. Forsætisráðherra, bæði þáverandi og núverandi, hljóta því að gæta orða sinna, þar sem þeir vita að þeir geti verið látnir sæta ábyrgð og orð þeirra dæmd dauð og ómerk. Menn eiga víðtækt tjáningarfrelsi, en verða alltaf að bera ábyrgð á orðum sínum. Ef verið er að ærumeiða geta menn verið látnir sæta ábyrgð og möguleiki á því að orðin verði dæmd dauð og ómerk. Það er mín skoðun að orð forsætisráðherra gagnvart óbreyttum borgurum í þjóðfélaginu hljóti að hafa meiri áhrif og vægi og eigi að hafa það í huga þegar metið er hvort um ærumeiðingar sé að ræða. Því verður forsætisráðherra að gæta þess sérstaklega að fara ekki yfir þetta strik en eiga það annars á hættu að orð hans verði dæmd dauð og ómerk. Ég held að það hljóti að skipta forsætisráðherra máli hvort dómstólar dæmi orð hans dauð og ómerk.“

**Engin áfrýjun**

Sigríður Rut segir að farið hafi verið fram á skaðabætur í málinu, en dómari hafi ekki dæmt umbjóðanda hennar slíkt. „Ég tel það vera gagnrýnivert, en málinu var ekki áfrýjað. Umbjóðandi minn taldi sig hafa náð sínu fram með því að orð forsætisráðherra voru dæmd dauð og ómerk.“ Davíð gat ekki áfrýjað málinu, þar sem hann lét þingsókn falla eftir að hafa skilað greinagerð.

## HVAÐ KOSTAR ÞAÐ?



**FÓÐUR FYRIR SMÁFUGLANA KOSTAR NOKKUR HUNDRUÐ KRÓNUR**
Allt eftir magni.

## SJÓNARHÓLL

ROKK Í ÚTVARPI



ÞORSTEINN ÖRN KOLBEINSSON

### *Rokkið er nauðsynlegt*

„Mér líst frekar illa á þetta. Það er nauðsynlegt að það sé eitthvert rokk í útvarpinu enda eru mjög margir sem hafa áhuga á því. Það er uppselt á hverja rokktónleikana á fætur öðrum á meðan popptónleikar hafa gengið heldur verr,“ segir Þorsteinn Örn Kolbeinsson, mikill áhugamaður um rokktónlist og innflytjandi margra minna þekktra erlendra þungarokkssveita á undanförnum misserum.

Að undanförnu hafa þrjár útvarpsstöðvar sem lagt hafa áherslu á rokktónlist lagt upp laupana, Radíó Reykjavík, Skonrokk og X-ið sem reyndar endurfæddist sem X-fm. Þorsteinn furðar sig á því hvers vegna rokkstöðvar ganga ekki betur en raun ber vitni, sérstaklega í ljósi þess mikla áhuga sem verður vart á rokkinu, svo sem í aðsókn á tónleika. Hann segir að ein ástæðan kunni að vera spilunarlistar þar sem ákveðið sé fyrirfram hvað sé spilað, mest sé um tónlist sem hefur sannað sig og oft lítið um nýjungar. Þessi einsleitni birtist líka í því að einblínt sé á tónlist frá Bandaríkjunum og Bretlandi meðan til dæmis evrópskar hljómsveitir eigi erfitt uppdráttar. Eins sé spurning hvernig auglýsingasalar og kaupendur hugsa. „Mín tilfinning er sú að þeir sem eru í þessum störfum séu ekki jafn rokk sinnaðir og aðrir. Það er ekki mikið af leðurklæddum síðhærðum rokkurum sem mæta í vinnuna með bindi og í jakkafötum.“

# Innflytjendum vefst tunga um tönn

**Ný könnun á viðhorfum og aðstæðum innflytjenda á Vestfjörðum og Austurlandi sýnir að fjölmargir eiga í mesta basli með íslenskuna. Af því leiðir að margir skilja ekki ráðningarsamninga sem þeir þó hafa undirritað. Könnunin sýnir líka að margir innflytjendur eiga börn í upprunalandinu, margir búa í eigin húsnæði og atvinnuleysi er nánast óþekkt.**

„Það þarf greinilega að setja miklu meiri kraft í íslenskukennsluna og taka meira mið af þörfum einstaklinganna,“ segir Elsa Arnardóttir, framkvæmdastjóri Fjölmenningarseturs, en könnunin var unnin fyrir setrið. Hún vill þó ekki taka undir að íslenskukennsla innflytjenda fái hreina og klára falleinkunn en nauðsynlegt sé að bjóða upp á fleiri valkosti í kennslunni.



ELSA ARNARDÓTTIR

Fræðslumiðstöðvarnar á landsbyggðinni hafa umsjón með íslenskukennslu innflytjenda en allur gangur er á framkvæmdinni. Víða er boðið upp á námskeið að vinnudegi loknum en þá eru margir of þreyttir til að setjast á skólabekk eða hafa hreinlega öðrum hnöppum að hneppa, eins og til dæmis að ala upp börnin sín. Svo þarf ekki annað en að togari leggist að með fullfermi til að enginn mæti.



**FLAKAÐ Í KAPPI VIÐ KLUKKUNA**
Allur gangur er á hvernig staðið er að íslenskukennslu innflytjenda úti um land. Fjöldi innflytjenda vinnur hjá HB Granda og þar á bæ er boðið upp á íslenskukennslu í vinnutímanum.

Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar á fundi í gær en hann sátu fulltrúar nokkurra stofnana sem koma að málefnum innflytjenda. Almennt setti það ugg að fundarmönnum hve margir innflytjendur, sem margir hafa búið hér í nokkur ár, eiga erfitt með að skilja íslensku. Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri Alþýðusambandsins, sagði samninga sem fólk ekki skilur vera málamyndasamninga og bætti við að tungumálið væri jú lykill að samfélaginu. Undir það tók Ingibjörg Hafstað, sem um árabil hefur kennt útlendingum íslensku, og sagði mikilvægt að skipuleggja þessi mál upp á nýtt og það heildstætt. Upplýst var á fundinum að helstu niðurstöður könnunarinnar hefðu verið kynntar á fundi ríkisstjórnarinnar í gærmorgun og þar á bæ væri vilji til að bæta úr. Víst er að vilji er til þess meðal innflytjenda því samkvæmt könnuninni hafa níu af hverjum tíu ýmist áhuga á að læra íslensku eða læra hana betur.

**Dugnaðurinn mikill**

Margt jákvætt kom í ljós í könnuninni. Fjórir af hverjum tíu innflytjendum búa í eigin húsnæði og níu af hverjum tíu voru í vinnu þegar könnunin var gerð. Þeir sem ekki voru á vinnumarkaði voru í námi, heimavinnandi eða fæðingarorlofi. Atvinnuleysi var nær óþekkt. Þá höfðu fjórir af hverjum tíu áhuga á að hefja eigin rekstur eða stofna fyrirtæki og þó nokkrir höfðu þegar hafið undirbúning að stofnun fyrirtækis.

„Dugnaðurinn kom mér á óvart,“ segir Kristín Harðardóttir, hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, sem gerði könnunina. Henni, eins og öðrum, „Mér bregður mest við að sjá hve mikill fjöldi fólks skilur ekki undir hvað skrifað er þegar ráðingasamningur er undirritaður. Maður setur spurningarmerki við hvers vegna fólk er látið undirrita slíka samninga þegar það veit ekki hvað það er að skrifa undir.“ Hún telur þó ekki sérstaka ástæðu til að hafa áhyggjur af að fólk fái ekki þau kjör sem því ber. „Hátt hlutfall í könnuninni telur sig fá sömu laun og aðrir í sambærilegum störfum,“ segir Kristín en bætir við „hins vegar er vandamál að fólk fær ekki menntun sína metna og þá komum við enn og aftur að íslenskunni.“

Víst er að þar hittir hún naglann á höfuðið því níu af hverjum tíu telja menntun sína ekki nýtast að fullu í núverandi starfi og bróðurpartur fólksins hafði ekki reynt að fá menntun sína metna. Þar eru tungumálaerfiðleikar meginástæðan. Ætla má að íslenskt samfélag fari á mis við margt af þeim sökum.

**Flýja ekki atvinnuleysi**

Það vekur athygli að fjórir af tíu sem svöruðu könnuninni eiga barn eða börn sem enn búa í upprunalandinu. Sú staðreynd kom Elsu Arnardóttur á óvart. „Mér finnst athyglisvert hve margir eiga börn í heimalandinu, þetta er hærri tala en ég átti von á,“ segir hún. Sjö af hverjum tíu svarenda eru í hjónabandi eða sambúð.

Þá kemur í ljós að um helmingur svarenda unir sér vel í núverandi heimabyggð og vill búa áfram á sama stað. Af þeim sem helst vildu búa annars staðar vildu rúmlega sex af hverjum tíu búa á höfuðborgarsvæðinu en hinir vildu búa annars staðar á landsbyggðinni.

Líkt og sagði í inngangi náði könnunin til innflytjenda sem búa á Vestfjörðum og Austurlandi. 214 svör bárust, voru talsvert fleiri þeirra frá konum en körlum. Er það í samræmi við kynjaskiptingu innflytjendanna. Meðalaldur svarenda er 36 ár en þeir yngstu voru 18 ára og þeir elstu 63 ára. Könnunin var lögð fyrir fólk á þeim tungumálum sem það talar, pólsku, taílensku og serbnesku/króatísku og ensku að auki.

Bróðurpartur fólksins starfar við fiskvinnslu eða veiðar og flestir eru hingað komnir fyrir orð eða tilstuðlan ættingja og vina. Rúmur helmingur svarenda flutti hingað fyrst og fremst til að stunda vinnu en engu að síður kemur í ljós að fólk kemur ekki til Íslands vegna atvinnuleysis í heimalandinu.

Vissulega eru aðstæður fólks í upprunalandinu misjafnar og að sama skapi ástæðurnar fyrir flutningi allla leið til Íslands. Greinilegt er hins vegar að mörgum líkar hér lífið vel og einhverjum kann að hlýna um hjartaræturnar við að heyra að níu prósent þeirra sem tóku þátt í könnuninni nefna Ísland sem sitt heimaland.

bjorn@frettabladid.is



KRISTÍN HARÐARDÓTTIR





25% AFSLÁTTUR

Ekkert fundarherbergi getur verið án tússtöflu

TÚSSTÖFLUR

Skrifstofumarkaður:
Hallarmúla 2-4, sími 540 2000

Verslanir Pennans:
• Akranesi • Akureyri • Hafnarfirði
• Ísafirði • Keflavík • Kópavogi
• Reykjavík • Selfossi • Vestmannaeyjum

www.penninn.is



Ótrúleg verðlækkun!
45% afsláttur
50% afsláttur
Rabami 534 - Verð áður: 24.900 kr.*
13.695 kr.
*Armar ekki innifaldir í verði.
Rabami 615 - Verð áður: 43.900 kr.*
21.950 kr.
Með hverri vél fylgir Easy Riser fartölvustandur að verðmæti 4.990 kr. í kaupbæti!
HP Compax nx9105 fartölva
Örgjörvi: AMD Athlon XP-Mobile A2800+
Minni: 256MB DDR
Harður diskur: 40GB, 5400 rpm
Skjár: 15" XGA
Skjáupplausn: 1024 x 768
Drif: DVD/CD-RW (CD skrifari)
Skjákort: NIVIDIA GeForce
Hljóðkort: 16 bita stereo
Netkort: 10/100 og 802.11b/g (þráðlaust)
Tengi: 2 x USB, PCMCIA, Firewire, Paralell, PS/2, VGA, TV-out, 56K mótald, 5 í 1 kortalesari
Rafhlöðuending: Allt að 4 klst.
Þyngd: 3,5 kg
Stýrikerfi: Windows XP Pro
Verð áður: 159.900 kr.
Tilboðsverð: 119.900 kr.
32% afsláttur
Plöstunarvél
Plastar frá kreditkortum til A3.
Verð áður: 21.899 kr.
14.900 kr.
40% afsláttur
Tússtöflur á vegg
í þremur stærðum. Verð frá:
3.869 kr.
15% afsláttur
af öllum blek- dufthylkjum!
40% afsláttur
Skúffuskápur
Verð áður: 9.829 kr.
5.890 kr.
Kassa-tilboð
Ódýr fjölnotapappír
Verð áður: 2.372 kr.
1.395 kr.
ODDI
Hringdu 515 5100 Faxaðu 515 5101 Smelltu á www.oddi.is Komdu við að Höfðabakka 3
www.oddi.is

# skoðun

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Krafa um rannsókn Íraksmálsins fær aukið vægi.

## Ófullnægjandi skýringar

Það er líklega ekki tilviljun að mótmælaaðgerðir á Íslandi enda yfirleitt á því að bananar eru lagðir á stéttina fyrir framan Alþingishúsið. Banananir eru öðrum þræði tákn fyrir það alvöruleysi, þann úthaldsskort og þær mótsagnir sem fólki finnst að opinberar umræður hér á landi einkennist iðulega af. Umræðurnar um Íraksmálið eru þar engin undantekning. Hið alvarlega er að þar eiga hlut að máli æðstu ráðamenn þjóðarinnar. Þeir virðast telja sér sæma að beita útúrsnúningi og hálfsannleik í vörn sinni í einu furðulegasta atviki íslenskra utanríkismála á síðari árum. Það er slæmt fyrir lýðræði á Íslandi ef þeir komast upp með það.

Á mánudag sendi Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra frá sér yfirlýsingu um aðdraganda þess að Ísland varð með formlegum hætti eitt þeirra ríkja sem studdu innrás og aðrar hernaðaraðgerðir Bandaríkjamanna og Breta gegn Írökum í mars 2003. Tilefnið segir hann vera „endurtekna fjölmiðlaumræðu“ um málið en allir vita að hið raunverulega tilefni er ummæli Guðna Ágústssonar landbúnaðarráðherra í fjölmiðlum um helgina þar sem fram kom að ákvörðunin um að verða við beiðni Bandaríkjastjórnar um formlegan stuðning við innrás var ekki rædd í ríkisstjórn, á Alþingi eða í utanríkismálanefnd áður en hún var tekin eins og forystumenn ríkisstjórnarinnar hafa verið að gefa í skyn. Þessi ummæli staðfestir Guðni í samtali við Fréttablaðið í dag.

Í yfirlýsingu forsætisráðherra segir að Íraksmálið hafi verið rætt nokkrum sinnum á Alþingi og í utanríkismálanefnd veturinn 2002 til 2003. Um það er ekki deilt. Það er verið að drepa málinu á dreif með slíku tali. Spurningin hefur snúist um það hvort beiðni Bandaríkjastjórnar og ákvörðunin um að verða við henni hafi verið rædd eða ekki. Fram kemur í yfirlýsingu forsætisráðherra að ríkisstjórnarfundur hafi verið haldinn að morgni 18. mars, tveimur dögum fyrir innrásina. Hann segir að Íraksmálið hafi verið á dagskrá en það er ekki hið sama og að segja að erindi Bandaríkjastjórnar hafi verið kynnt ráðherrum á fundinum og rætt þar.

Kjarni málsins virðist sá að erindi um formlegan stuðning barst frá Bandaríkjastjórn. Ekki liggur fyrir hvenær það var nákvæmlega þar sem skjöl og önnur gögn þessa máls hafa ekki verið gerð opinber eins og krafist hefur verið. Staðfest er í yfirlýsingu forsætisráðherra að ákvörðun um að fallast á erindið hafi var tekin utan ríkisstjórnarfundar af þáverandi forsætisráðherra, Davíð Oddssyni, og þáverandi utanríkisráðherra, Halldóri Ásgrímssyni, án þess að leita álits utanríkismálanefndar eða kalla Alþingi saman. Það er engin afsökun ef málið hefur borið brátt að. Samkvæmt stjórnarskránni er lýðræði og þingræði á Íslandi en ekki ráðherraræði. Það var pólitísk skylda ráðherranna að taka málið formlega upp og ræða það í ríkisstjórn og lagaskylda að ræða það í utanríkismálanefnd.

Eftir yfirlýsingu forsætisráðherra á mánudaginn fær krafan um opinbera úttekt óvilhallra rannsóknaraðila á málinu öllu aukið vægi. Skjöl og gögn, þar á meðal Írakslíður fundargerðar ríkisstjórnarinnar 18. mars, verður að gera opinber. Hafi ríkisstjórnin engu að leyna eins og forsætisráðherra gefur í skyn og sé málið einn stór misskilningur stjórnarandstæðinga og þjóðarinnar hlýtur það að vera málstað ríkisstjórnarinnar til framdráttar að leggja öll spilin á borðið. Það á ríkisstjórnin að gera. ■





Flettitafla á standi er þarfaþing í hverju fundarherbergi

FLETTITAFLA

**Skrifstofumarkaður:**
Hallarmúla 2-4, sími 540 2000

**Verslanir Pennans:**
• Akranesi • Akureyri • Hafnarfirði
• Ísafirði • Keflavík • Kópavogi
• Reykjavík • Selfossi • Vestmannaeyjum

Penninn

www.penninn.is


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ísland í augum Dana

Þorsteinn Pálsson, sendiherra okkar í Danmörku, birtir athyglisverða grein í Morgunblaðinu í gær. Tilefnið er Reykjavíkurbréf blaðsins á sunnudaginn þar sem ritstjórinn, Styrmir Gunnarsson, gerði að umtalsefni neikvætt álit margra Dana á Íslendingum sem meðal annars hefði birst í umfjöllun dagblaðsins Berlingske Tidende um kaup Baugs og tengdra aðila á stórfyrirtækinu Magasin de Nord. Þorsteinn segir að vissulega séu dæmi um vanþekkingu Dana á íslenskum málefnum og til séu þeir Danir sem lítið álit hafi á landi og þjóð. En „mörg íslensk fyrirtæki bæði stór og smá hafa verið að hasla sér völl í Danmörku á allra síðustu árum í ýmsum greinum viðskipta. ... Ég hef ekki orðið þess var að nokkurt íslenskt fyrirtæki hér í Danmörku annað en Baugur hafi vakið gagnrýni eða tortryggni í almennri umfjöllun svo heitið getur svo ekki sé talað um hamfarir eins og skrifum Berlingske Tidende gegn Baugi er réttilega lýst í nefndu Reykjavíkurbréfi.“



### Þeir sletta skyrinu...

Og hver gæti þá verið skýringin á þessum skrifum Berlingske? Vitnum í Þorstein Pálsson: „Hitt er svo annað mál að lítið sem ekkert í hamförum Berlingske var nýtt af nálinni. Flest öll efnisatriði í skrifum blaðsins sýndist mér að hefðu áður komið fram, mest í Morgunblaðinu. Með vissum hætti má því segja að skrif Berlingske um kaup Baugs hafi verið eins konar útflutningur á íslenskri umræðu.“ Og sendiherrann sendir Styrmi eitrað skeyti: „Ritstjóri Morgunblaðsins vekur ... um margt með réttu athygli á neikvæðri umfjöllun um Ísland í Danmörku og fákunnáttu Dana um íslensk mál. En þegar þar að kemur að hann dregur ályktanir af staðhæfingum sínum og brýnir þá sem ábyrgðina bera að berja í brestina skýtur því miður engri frumlegri hugsun í kollinn á mér en þeirri, að þeir sletta enn skyrinu sem eiga það.“



gm@frettabladid.is

# Kall tímans í Kína



Í DAG
KÍNA

JÓN ORMUR HALLDÓRSSON

Áhrif einstaklinga á vegferð mannkyns og einstakra þjóða eru líklega oftast stórlega ofmetin í almennri umræðu. Líkt og menn manngerva guði sína, og sums staðar náttúruöflin líka, hættir þeim til að rekja sögulega þróun samfélaga til þeirra einstaklinga sem viðkomandi þróun skilaði í áhrifastöður. Með því er ekki sagt að tilviljanir tengdar einstaklingum geti ekki skipt máli. Um liðna helgi dó austur í Kína maður sem sýndi hvoru tveggja í senn hvað áhrifamenn geta verið ofmetnir og hvað þeir geta verið vanmetnir. Nafn hans, Zhao Ziyang, var ekki á margra vörum síðustu árin. Fáir sem til þekkja munu þó líklega efast um að áhrif verka hans á málefni heimsins voru miklu meiri og öllu djúpstæðari en áhrif heimsþekktra stjórnmálamanna á borð við Bill Clinton eða Tony Blair. Þótt fjölmiðlar kínverska ríkisins hafi ekkert fjallað um dauða hans og yfivöld hafi bannað birtingu mynda af honum í fimmtán ár þekkti hver einasti fullorðinn maður í Kína þetta nafn. Zhao var maðurinn sem í umboði Deng Xiaoping opnaði Kína fyrir alþjóðlegum viðskiptum, einkavæddi landbúnað kínverja og innleiddi kapítalíska framleiðsluhætti í iðnaði og þjónustu. Breytingarnar sem Zhao hafði forustu um á tíð sinni sem forsætisráðherra og síðar leiðtogi kommúnistaflokksins leiddu með beinum hætti til mestu lífskjarabyltingar í sögu mannkynsins.

Það var pólitískur styrkur byltingarhetjunnar Deng Xiaoping sem gerði breytingarnar mögulegar en Deng hafði hins vegar lítið vit á efnahagsmálum. Það kom í hlut Zhao að nýta styrk og vernd Dengs til að innleiða breytingar sem hafa haft svo djúpstæð áhrif á þróun heimsins síðustu árin að fálm eftir hliðstæðum gefur lítið af sér. Bylting síðustu ára í Kína hefur í samtímanum ekki aðeins haft hin gagngerustu áhrif á lífskjör hundruð milljóna kínverja, heldur hefur hún breytt aðstæðum í efnahagskerfi alls heimsins. Um leið hefur hún verið einn af hinum stærri aflvökum alþjóðavæðingar framleiðslu og viðskipta en sú þróun hefur haft gagnger áhrif á atvinnulíf, stjórnmál og menningu um allan heim.

> **Kröfur um lýðræði heyrast sjaldan. Flestir virðast óttast pólitískan óstöðugleika öllu meira en pólitískt ofríki flokksins en þetta mun breytast.**

Zhao var dæmi um réttan mann á réttum stað á réttum tíma. Fáum árum áður en hann náði æðstu völdum í Kína leiddu rauðu varðliðarnir hann bundinn um götur Guangzhou og úthrópuðu hann sem óvin alþýðunnar. En menningarbyltingin gekk ekki upp og stjórnmálin tóku nýja stefnu í þessu stærsta samfélagi jarðarinnar. Zhao var maðurinn sem Deng Xioping þurfti við hlið sér. Eftir að ná miklum árangri í fjölmennasta héraði Kína, Sichuan, þar sem hann innleiddi frjálslyndar umbætur varð Zhao forsætisráðherra Kína og síðar aðalritari kommúnistaflokksins.

Eitt af því merkilega við Zhao var að hann trúði samtímis á allar stærstu og lífseigustu hugmyndir tuttugustu aldarinnar. Hann var fylgismaður frjálsra viðskipta, hann var sósíalisti og hann var lýðræðissinni. Hann var hins vegar ekki blindur fylgismaður neinnar af þessum hugmyndum. Stuðningur hans við frjáls viðskipti var greinilega skilyrtur af ýmis konar ótta um þjóðfélagsleg áhrif kapítalismans. Þótt hann sé nú hetja lýðræðissinna náði stuðningur hans við lýðræði ekki lengra en svo að hann lagði alla tíð mikla áherslu á áframhaldandi leiðtogahlutverk kommúnistaflokksins í kínversku samfélagi. Hann taldi hins vegar að einhvers konar lýðræði og áframhaldandi stjórn flokksins gæti farið saman og tók afstöðu með kröfum unga fólkins á Torgi hins himneska friðar í Peking sumarið 1989. Samverkamenn hans í forustusveit flokksins óttuðust að í þessu máli hefði Zhao rangt fyrir sér og viku honum til hliðar. Zhao fór beint úr hæsta valdastóli Kína í stofufangelsi. Þar sætti hann ekki neinu harðræði og stundum sást til hans á golfvöllum í kringum Peking. Nafn hans var hins vegar aldrei nefnt opinberlega. Það gæti breyst á næstu árum. Almenningur í Kína hefur verið upptekinn af efnahagsbyltingu síðustu ára og þeim þjóðfélagsbreytingum sem henni hafa fylgt. Kröfur um lýðræði heyrast sjaldan. Flestir virðast óttast pólitískan óstöðugleika öllu meira en pólitískt ofríki flokksins en þetta mun breytast. Krafan um lýðræði mun rísa hærra á næstu árum og enn frekar hin meginkrafa fólksins á torginu um aðgerðir gegn spillingu flokks og ráðamanna. Tímasetning hugmynda Zhao um lýðræði reyndist röng en krafa tímans um lýðræði mun gera einhvern mann að pólitískum leiðtoga innan fárra ára. ■

## ORÐRÉTT

**Þetta á að segja eftir keppnina**
*Það jákvæða er að þarna erum við að mæta til leiks með nýjan hóp og nýjan þjálfara.*
**Geir Sveinsson, fyrrverandi fyrirliði íslenska handboltalandsliðsins, spáir í gengi liðsins í Túnis.**
Fréttablaðið, 18. janúar.

**Saumnálin og heystakkurinn**
*Mér brá ekkert við að vera beðinn um að finna linsu í lauginni.*
**Kristján Magnússon sundlaugarvörður sem fann augnlinsu í sextíu tonnum af vatni.**
Fréttablaðið, 18. janúar.

**Er það bankaábyrgð?**
*Þeir sem nú hafa tekið við forystu Flugleiða hafa tekið á sig mikla ábyrgð.*
Leiðari Morgunblaðsins, 18. janúar.

**Fyrir þér er einn dagur**
*Ég ætla að skilja í sátt og er að ganga frá mínum málum. Ein vika í útvarpi er ansi langur tími.*
**Sigurður Pétur Harðarson fyrrum útvarpsstjóri á Stjörnunni.**
DV, 18. janúar.

**Túberað or not túberað**
*Já, auðvitað mætti ég með túberað hárið. Það stóð aldrei til að svíkja það.*
**Hörður Harðarson faðir Idol-keppanda.**
DV, 18. janúar.

**Og var lokaður inni**
*Hann var mjög opinn og hlýr og hafði mikinn áhuga á að opna Kína fyrir vestrænum samskiptum.*
**Steingrímur Hermannsson minnist Zhao Zhiyang.**
Morgunblaðið, 18. janúar.

**Svo skal böl bæta**
*Er ekki tími til kominn að jafna þennan mun með því til dæmis að skattleggja þessa ódýru orku fyrir sunnan.*
**Viðar Benediktsson um mismunandi húshitunarkostnað milli landshluta.**
Morgunblaðið, 18. janúar.

FRÉTTABLAÐIÐ

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst til kynningar tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.

**Ellingsenreitur, reitur 1.115.3.**
Tillaga að deiliskipulagi fyrir reit sem markast af Mýrargötu, Grandagarði og tveimur nýjum götum í norðri og austri samkvæmt tillögu að rammaskipulagi fyrir Mýrargötu og slippasvæði.
Tillagan gerir m.a. ráð fyrir að á þeim tveimur lóðum sem eru á svæðinu verði að mestu leyti íbúðabyggð en heimilt verði að koma þar fyrir skrifstofum, verslun og þjónustustarfsemi. Heimilt verður að fjarlægja núverandi byggingar. Að Grandagarði 2 er lagt til að byggja megi allt að 7 hæðir ofan á bílageymsluhæð, en að Mýrargötu 26 er gert ráð fyrir allt að þremur hæðum ofan á núverandi hús og verða byggingar að hluta til stallaðir á báðum lóðum. Vegna nálægðar við íbúðabyggð mun eingöngu verða leyfilegt að reka ákveðnar tegundir veitingastaða á jarðhæð sem eru nánar skilgreindir á uppdrætti. Æskilegt er að ráðstafa húsnæði sem snýr að Mýrargötu og Seljatorgi undir starfsemi sem gerir ráð fyrir tíðum heimsóknum viðskiptavina. Aðkoma að bílageymslum verður frá götu norðan lóðanna. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 08:20 – 16:15, frá 19. janúar til og með 2. mars 2005. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við hana skal skila skriflega eða á netfangið ***skipulag@rvk.is***, til skipulagsfulltrúa, merkt viðkomandi svæði og undirritað með nafni, kennitölu og heimilisfangi, eigi síðar en 2. mars 2005.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins fresta, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 19. janúar 2005
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 563 2600 • MYNDSENDIR 562 3219



EIGNAMIÐLUN
sími: 588 9090 • fax: 588 9095 • Síðumúla 21
eignamidlun@eignamidlun.is www.eignamidlun.is
Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali

### Melhagi - glæsileg

Vorum að fá í sölu mjög fallega og mikið standsetta 4ra herb. rishæð í einu af þessum virðulegu húsum í vesturbænum. Franskir gluggar eru í íbúðinni. Svalir til suðurs. Eftirsótt staðsetning. Verð 20,5 millj. 4689.





### Digranesvegur - mjög fallegt

Vorum að fá í sölu mjög fallegt 226 fm parhús á tveimur hæðum auk kjallara. Húsið er byggt árið 1955 en hefur verið mikið standsett. Húsið skiptist þannig: 1. hæð: forstofa, snyrting, gangur, tvær stofur og eldhús. 2. hæð: þrjú herbergi og baðherbergi. Kjallari: forstofa, baðherbergi, tvö rúmgóð herbergi og þvottahús (gæti nýst sem eldhús). Rúmgóður bílskúr á tveimur hæðum. Á neðri hæð bílskúrs er herbergi og geymsla. Glæsilegt útsýni. Fallegur garður til suðurs. Göngufæri í þjónustu. Sjá myndir á heimasíðu Eignamiðlunar. Verð 35,7 millj. 4699.





### Hagamelur

Vorum að fá í sölu mjög fallega 2ja herb. íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi við Hagamel. Íbúðin skiptist í rúmgóða stofu, eldhús, herbergi, baðherbergi og hol með skápum. Úr stofu er gengið út í garð. Björt og falleg íbúð. Stór afgirtur garður. Verð 12,6 millj. 4688.





### Klapparstígur - með bílageymslu

Vorum að fá í einkasölu mjög fallega 2ja herb. íbúð á 1. hæð í lyftuhúsi. Íbúðin snýr að mestu leyti til suðurs og er mjög björt. Búið er að leggja ljósleiðara í húsið. Gervihnattadiskur. Íbúðinni fylgir merkt stæði í bílageymslu. Verð 15,3 millj. 4644.





## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 3.559 **-0,89%**

**Fjöldi viðskipta:** 276
**Velta:** 2.087 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Þormóður rammi** | 2,65% | **Össur** | -4,73% |
| **HB Grandi** | 1,28% | **Bakkavör** | -3,15% |
| **Tryggingamiðstöðin** | 0,92% | **Nýherji** | -1,74% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 40,80 +0,25% ... Atorka 5,78 -0,69% ... Bakkavör 24,60 -3,15% ... Burðarás 12,70 -0,78% ... Flugleiðir 11,50 -1,71% ... Íslandsbanki 11,30 -0,88% ... KB banki 485,00 -0,92% ... Kögun 47,10 -0,63% ... Landsbankinn 12,65 – ... Marel 52,60 -1,50% ... Medcare 5,90 -1,67% ... Og fjarskipti 3,49 -1,41% ... Samherji 11,35 – ... Straumur 10,05 +0,50% ... Össur 80,50 -4,73%

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Reynsla í einkavæðingu hjá Milestone

Mannabreytingar verða hjá Norræna fjárfestingarbankanum í Helsinki. Guðmundur Ólason sem verið hefur svæðisstjóri og aðstoðarframkvæmdastjóri hjá Norræna fjárfestingarbankanum lætur af því starfi. Við starfi hans tekur Benedikt Árnason, skrifstofustjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu. Guðmundur gerist hins vegar framkvæmdastjóri Milestone sem er í eigu Wernersbarnanna, Karls, Ingunnar og Steingríms. Eignir Milestone nema um 35 milljörðum króna. Þar á meðal er virkur eignarhlutur í Íslandsbanka og eign í Actavis, auk lyfsölukeðjunnar Lyfja og heilsu. Milestone hyggst vera leiðandi fjárfestir á íslenskum markaði. Guðmundur var sérfræðingur í fjármálaráðuneytinu áður en hann hélt til Finnlands og var ritari einkavæðingarnefndar. Hann ætti því að vera vel dómbær á hvort Milestone eigi möguleika í komandi einkavæðingu Símans.

### Tvöfaldar líkur á vinningi



Flugfélög víða um heim sjá fram á ýmsa möguleika til að nýta plássið í nýju Airbus risaþoturnar. Venjuleg útgáfa af flugvélinni gerir ráð fyrir sætum og rúmum fyrir 555 farþega en mest getur þotan tekið átta hundruð farþega. Breska flugfélagið Virgin, sem er í eigu milljarðamæringsins uppátækjasama Richard Branson, hefur pantað sex vélar. Branson sagði í gær frá því hvernig hann sæi fyrir sér nýtingu á vélunum. Hann ætlar að láta fara vel um farþegana og gerir ráð fyrir að í vélinni verði leikfimisalur, bar og spilavíti. Farþegar á fyrsta farrými geta þar að auki fengið sér blund í tvíbreiðu rúmi. Branson sagði að með spilavíti og tvíbreið rúm um borð hefðu farþegar tvöfaldar líkur á vinningi.

### MARKAÐSFRÉTTIR...

**Úrvalsvísitalan** lækkaði í gær um 0,89 prósent. Þetta er fyrsti dagurinn á þessu ári þar sem vísitalan lækkar. Vísitalan er nú 5,93 prósent hærri en í upphafi ársins.

Nýjar verðbólgutölur í Bretlandi voru hærri en gert hafði verið ráð fyrir. Á ársgrudvelli er verðbólgan þar 1,5 prósent. **Englandsbanki** ákvað fyrir skemmstu að hækka ekki stýrivexti sína.

Hagnaður **Sony Ericsson** dróst saman á fjórða ársfjórðungi 2004 miðað við árið á undan. Árið 2004 var þó sterkara í heild en árið á undan. Hagnaðurinn 2004 var 316 milljónir evra en árið 2003 skilaði reksturinn 86 milljón evra tapi.

Gengi krónunnar veiktist lítillega á gjaldeyrismarkaði í gær.

# Meistaranám í endurskoðun



**GYLFI MAGNÚSSON**
Forseti viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands.

Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands býður frá og með næsta hausti upp á meistaranám í reikningshaldi og endurskoðun.

Meistaranámið er þriggja missera viðbót við hefðbundið þriggja ára grunnám í viðskiptafræði. Fram til þessa hefur Háskóli Íslands útskrifað nemendur af kjörsviði eftir fjögurra ára cand.oecon nám.

Gylfi Magnússon, forseti viðskipta- og hagfræðideildar, segir að hið gamla kerfi hafi verið um margt ágætt en breytt umhverfi kalli á aukna kennslu og sérhæfingu á ákveðnum sviðum. Breytingunni er meðal annars ætlað að færa umgjörð námsins í samræmi við alþjóðlegar viðmiðanir.

- þk

ENSKA ER OKKAR MÁL
Enskuskólinn
Enska fyrir börn
Innritun hafin
Hringdu í síma 588 0303 • FAXAFENI 8 • www.enskuskolinn.is

VEFSÍÐUGERÐ MX 2004
- alvöru námskeið í gagnvirkri vefsíðugerð

ntv.is



FRÉTTABLAÐIÐ/BILLI

**Á TOPPINN YFIR ÞÁ RÍKUSTU** Tímaritið Forbes skoðar eignir Björgólfs Thors Björgólfssonar með það í huga að setja hann á lista tímaritsins yfir 500 ríkasta fólk veraldar. Gera má ráð fyrir að eignir Björgólfs nemi allt að einum og hálfum milljarði dollara eða yfir 90 milljarða króna.

# Björgólfur Thor stefnir á lista ríkra hjá Forbes

**Björgólfur Thor Björgólfsson verður að líkindum fyrsti Íslendingurinn til að komast á lista Forbes yfir ríkasta fólk í heimi. Forbes er að sannreyna eignastöðu Björgólfs og fátt bendir til annars en að hann eigi heima á listanum. Eignir hans nema líklega vel á annan milljarð Bandaríkjadollara.**

Allt stefnir í að Björgólfur Thor Björgólfsson verði fyrstur Íslendinga til að komast á lista tímaritsins Forbes yfir ríkasta fólks heims. Luisa Kroll, ritstjóri lista Forbes, er stödd hér á landi til þess að meta eignir Björgólfs Thors og hvort hann nái inn á lista yfir ríkustu einstaklinga í heimi.

Fréttablaðið birti frétt í fyrra þar sem eignir Björgólfs voru áætlaðar um eða yfir einn milljarður Bandaríkjadollara sem hefur verið viðmið til þess að koma til greina á listann. Síðan þá hefur dollarinn veikst gagnvart krónunni, auk þess sem eignir Björgólfs í skráðum félögum eins og Landsbankanum og Actavis hafa vaxið. Luisa Kroll segir að ritstjórn Forbes hafi borist tölvupóstur í kjölfar fréttarinnar og birtingu listans um að Björgólfur Thor ætti hugsanlega heima á lista Forbes. Líklegt er að sú verði niðurstaðan, en auk Björgólfs hefur Luisa Kroll kynnt sér eignir Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, auk þess að kynna sér útrás og umhverfi íslensks viðskiptalífs. Ekki er eins líklegt að Jón Ásgeir komist á listann nú, þar sem eignir hans eru að mestu leyti í óskráðum félögum og verðlagning þeirra og aðgangur að upplýsingum um þau ekki jafn auðveldur og þegar skráð félög eiga í hlut. Líklegt má telja að Jón Ásgeir komist á listann innan tíðar.

Ekki er ósennilegt að hrein eign Björgólfs nú sé nær því að vera einn og hálfur milljarður dollara en einn milljarður. Samkvæmt þessu eru verulegar líkur á að hann komist á lista Forbes.

Samson er aðaleigandi Landsbankans og er eignarhlutur Björgólfs Thors í Landsbankanum um nítján milljarðar króna. Björgólfur Thor er einnig stærsti eigandinn í Actavis í gegnum eignarhaldsfélag sitt Amber International. Eignarhlutur hans í Actavis er að verðmæti um 38 milljarðar króna. Samtals gerir þetta 57 milljarðar eða rétt yfir 900 milljónir dollara. Auk þessa á Samson hlut í Burðarási og Straumi. Erlendis hefur Björgólfur Thor farið fyrir hópi fjárfesta í kaupum á símafyrirtæki í Búlgaríu og Tékklandi. Auk þess á hann fasteignir í London. Hrein eign hans í þessum erlendu félögum þarf því ekki að vera veruleg til þess að sætið á lista Forbes sé tryggt.

haflidi@frettabladid.is

HÓTEL HOLT
TVÍRÉTTAÐ Í HÁDEGINU
Á AÐEINS 2.100 KR.
...
NÝR HÁDEGISMATSEÐILL
ALLA ÞRIÐJUDAGA
...
SPENNANDI MATSEÐILL
Á KVÖLDIN
...
MATSEÐLAR OG VERÐ Á
WWW.HOLT.IS
BERGSTAÐASTRÆTI 37 • SÍMI: 552 5700

# Sameining á tryggingamarkaði

**VIÐSKIPTI** Í gær var tilkynnt um sameiningu tryggingafélaganna Varðar og Íslandstryggingar. Vörður var í eigu Vátryggingafélags Íslands en eftir sameininguna verður VÍS stærsti hluthafi hins sameinaða félags með 58 prósenta hlutdeild.

Sameiningin er háð áreiðanleikakönnunum á félögunum tveimur og leyfum frá Fjármálaeftirlitinu og Samkeppnisstofnun. Nýja félagið mun heita Vörður – Íslandstrygging en framkvæmdastjóri þess verður Einar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Íslandstryggingar, og aðstoðarframkvæmdastjóri verður Fylkir Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri trygginga- og tjónasviðs Varðar.

Íslandstrygging er yngsta vátryggingafélagið á Íslandi en félagið tók til starfa í júlílok 2002. Vörður Vátryggingafélag er hins vegar rótgróið tryggingafélag með rætur í Vélbátasamtryggingu Eyjafjarðar sem stofnuð var 1926.

Einar Baldvinsson segir að sameiningarvinnan hafi gengið mjög hratt þó að enn eigi eftir að hnýta lokahnútana.

- kk

# Verðbólga og hagvöxtur í fyrra

**ÞJÓÐARBÚSKAPURINN**

KATRÍN ÓLAFSDÓTTIR

Verðbólgan er mál málanna þessa dagana. Samkvæmt mælingu Hagstofunnar er tólf mánaða hækkun verðlags 4,0% og sleikir þannig efri viðmiðunarmörk verðbólgumarkmiðs Seðlabankans. Fari verðbólgan yfir þessi mörk „ber Seðlabankanum að gera ríkisstjórninni opinberlega grein fyrir ástæðum þess og leiðum til úrbóta“, samkvæmt heimasíðu Seðlabankans.

Af einstökum liðum vísitölu neysluverðs hefur húsnæði hækkað mest, eða um 11,5% frá janúar 2004. Þannig er hlutdeild hækkunar húsnæðisverðs í 4% hækkun vísitölunnar 2,2%, eða ríflega helmingur. Það er því ekki að ástæðulausu sem greiningardeild KB banka spyr hvort verðbólga sem að mestu skýrist af hækkun á húsnæðisverði geti talist almenn verðbólga. Þessi spurning á ekki síður rétt á sér þegar tekið er tillit til þess að skiptar skoðanir eru á því hvort taka eigi húsnæðisverð með í útreikningi á vísitölu neysluverðs. Húsnæðisverð er til dæmis ekki tekið með í samræmdri vísitölu neysluverðs.

En hvað með aðrar verðhækkanir síðustu tólf mánuði? Þjónusta hækkaði um 3,6% og er hlutdeild þessarar hækkunar 1,1% af 4% hækkun vísitölunnar. Þar af vegur hækkun opinberrar þjónustu 0,3%. Það er ekki stór hluti af hækkun síðustu tólf mánaða, en hafa ber í huga að opinber þjónusta hækkaði um 4,4% núna um áramótin. Innlendar vörur hafa hækkað um 3,1% sem jafngildir 0,5% af hækkun vísitölunnar.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Athygli vekur að á meðan innfluttar vörur hafa hækkað um 0,7% sem þýðir 0,2% hækkun vísitölunnar hefur gengisvísitala krónunnar lækkað um 8%. Hvers vegna skilar sterkari króna sér ekki í lægra verði á innfluttum vörum?

Athygli vekur að á meðan innfluttar vörur hafa hækkað um 0,7% sem þýðir 0,2% hækkun vísitölunnar hefur gengisvísitala krónunnar lækkað um 8%. Hvers vegna skilar sterkari króna sér ekki í lægra verði á innfluttum vörum? Skýringanna gæti verið að leita í því að töf er á því að styrking krónunnar skili sér í verði á innfluttum vörum. Því gætum við átt von á því að innfluttar vörur lækkuðu í verði á komandi mánuðum. Einnig gætu innflutningsvörur hafa hækkað í verði erlendis sem vegur á móti gengisbreytingunni. Þetta gæti skýrt hækkun á einstökum vörum, en dugar skammt sem almenn skýring þar sem verðlag í OECD-ríkjunum hækkaði aðeins um tæplega 2% í fyrra. Þriðja skýringin væri að á þeim tíma sem krónan styrktist og innflutningur lækkaði í verði hefði álagning aukist. Innflytjendur og búðareigendur nytu því góðs af styrkingu gengisins en ekki neytendur.

Að lokum vænti ég þess að lesendur þessa dálks í síðustu viku hafi áttað sig á því að hagvöxtur á síðasta ári var ekki 50%. Prentvillupúkinn hljóp í greininguna og í stað 50% átti að standa 5,5%. Sá hálfi umbreyttist í núll. Á tveimur öðrum stöðum í greininni breyttist hálfur í gríska stafinn ómega. Þannig átti viðskiptahallinn að vera 6,5% af landsframleiðslu í fyrra og verðbólga 3,5% á þessu ári.


**4x4xfrumsýning**

Nýr fjölskyldubíll 22. janúar



## Hluthafafundur hjá Valsmönnum hf.

haldinn miðvikudaginn 19. janúar árið 2005 kl. 20.00
í Valsheimilinu að Hlíðarenda, Reykjavík.

DAGSKRÁ.

1. Tillaga um samþykki hluthafafundar á kaupum Valsmanna hf. á byggingarrétti á Hlíðarendareit.
2. Tillögur um heimild til stjórnar Valsmanna hf. um hlutafjáraukningu í félaginu.
   Gert er ráð fyrir að forgangsréttur verði ekki virkur nema fyrir hluta aukningarinnar.
3. Önnur mál.

Stjórn Valsmanna hf.



Canon











NÝHERJI

**EDGAR ALLAN POE (1809-1849)** fæddist þennan dag.



*„Ljóðlist er taktbundin sköpun fegurðar í orðum.“*

*- Poe er þekktastur fyrir hryllingssögur sínar, ljóðlist og sjúklegan ótta við kviksetningu.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# Slátrarinn frá Lyon handtekinn í Bólivíu

19. janúar árið 1983 var nasistinn Klaus Barbie handtekinn í Bólivíu fyrir glæpi gegn mannkyni. Glæpina framdi hann fjórum áratugum fyrr þegar hann var yfirmaður Gestapó í Lyon í Frakklandi í Seinni heimsstyrjöldinni. Fyrir grimmd sína fékk Barbie viðurnefnið „Slátrarinn frá Lyon.“ Barbie bar ábyrgð á því að senda þúsundir franskra gyðinga og meðlima andspyrnuhreyfingarinnar í fangabúðir, auk þess að standa fyrir pyntingum, misþyrmingum og aftökum fjölda annarra. Eftir frelsun Frakklands flúði hann til Þýskalands og gekk í lið með fleiri fyrrum foringjum nasista í neðanjarðarhreyfingu til höfuðs kommúnisma.

Árið 1947 leysti bandarísk njósnastofnun (Counter-Intelligence Corps eða CIC) upp samtökin. Barbie gekk hins vegar laus þar til stofnunin réði hann sem njósnara í baráttunni við meintar njósnir Sovétríkjanna. Barbie starfaði sem bandarískur njósnari í Þýskalandi í tvö ár og var svo smyglað til Bólivíu árið 1949. Þar tók hann sér nafnið „Klaus Altmann“ og hélt áfram njósnastörfum fyrir Bandaríkin auk starfa við yfirheyrslur og pyntingar fyrir harðstjórann Hugo „El Petiso“ Banzer sem komst þar til valda árið 1971. Á áttunda áratugnum uppgötvuðu nasistaveiðararnir Serge Klarsfeld og Beatte Kunzel hvar Barbie hélt sig, en Banzer neitaði að framselja hann. Eftir stjórnarskipti í Bólivíu upphafi níunda áratugarins var Barbie svo lokst framseldur til Frakklands. Í júlí 1987 var hann svo dæmdur til ævilangrar fangelsisvistar. ■



KLAUS BARBIE

## MERKISATBURÐIR

**1793** Lúðvík XVI fundinn sekur um landráð og dæmdur til að hálshöggvast.

**1915** París í Frakklandi fær George Claude einkaleyfi á neonljósum til að nota í ljósaskiltum.

**1903** Þýski togarinn Friederich Albert strandaði á Skeiðarársandi. Áhöfnin komst í land en hraktist um sandinn í hálfan mánuð og þrír fórust.

**1915** Yfir 20 manns létust þegar loftför Þjóðverja vörpuðu sprengjum á England í fyrsta sinn.

**1957** Kristján Eldjárn þjóðminjavörður varði doktorsritgerð sína um kuml og haugfé í heiðnum sið á Íslandi. Athöfnin fór fram í hátíðarsal Háskóla Íslands.

## ANDLÁT

**Gísli Hjartarson** frá Geithálsi í Vestmannaeyjum, lést miðvikudaginn 5. janúar.
**Ingibjörg Vilhjálmsdóttir** frá Seyðisfirði, Ásbúðartröð 17, Hafnarfirði, lést föstudaginn 7. janúar.
**Sigríður Johnsen** Marklandi, Löngufit 40, Garðabæ, er látin.
**Hjörleifur Tryggvason** Ytra-Laugalandi í Eyjafjarðarsveit, lést fimmtudaginn 13. janúar.
**Anna Magnúsdóttir** frá Flögu, Sunnuflöt 25, Garðabæ, lést föstudaginn 14. janúar.
**Ágúst Gíslason** Suður-Nýjabæ, Þykkvabæ, lést föstudaginn 14. janúar.
**Jóna Svanhvít Hannesdóttir** Norðurbrún 1, Reykjavík, lést föstudaginn 14. janúar.
**Sören M. Aðalsteinsson** Valbraut 7, Garði, áður Eiðsvallagötu 3, Akureyri, lést föstudaginn 14. janúar.
**Einar Hansen** frá Hólmavík lést laugardaginn 15. janúar.
**Gísli Brynjólfsson** frá Króki, Norðurárdal, Hraunbæ 164, Reykjavík, lést laugardaginn 15. janúar.
**Guðrún Guðmundsdóttir** Lyngholti 22, Keflavík, lést laugardaginn 15. janúar.
**Ríkharður Jónsson** Ólafsbraut 38, Ólafsvík, lést laugardaginn 15. janúar.
**Anna Ólafsdóttir** Efstasundi 41, lést sunnudaginn 16. janúar.
**Guðrún Brynjólfsdóttir** dvalarheimilinu Höfða, áður Skálabraut 31, Akranesi, lést sunnudaginn 16. janúar.
**Þuríður Guðmundsdóttir,** frá Ásgarði, Völlum, Miðvangi 22, Egilsstöðum, lést sunnudaginn 16. janúar.

## JARÐARFARIR

**13.00 Elínborg Sigurðardóttir** frá Ísafirði, Unnarbraut 4, Seltjarnarnesi, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

**13.00 Jórunn Karlsdóttir** Brúarási 7, Reykjavík, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju.



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, bróðir og afi,*

**Kristján Pétursson**

Laxagötu 3a, Akureyri,

lést á heimili sínu laugardaginn 15. janúar.

**Þórkatla Sigurbjörnsdóttir**
**Guðrún Heiða Kristjánsdóttir, Þorsteinn Krüger**
**Pétur Guðjón Kristjánsson, Júlía Garðarsdóttir**
**Helga Sóley Kristjánsdóttir, Halla Björk Kristjánsdóttir**
**Kristín Mjöll Kristjánsdóttir, Atli Steinn Friðbjörnsson**
**Pétur Ágúst Pétursson og afabörn.**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Valgarður Einarsson**

frá Ási, Hegranesi,

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki, 16. janúar síðastliðinn. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 22. janúar kl. 10.30.

**Börn, tengdabörn og fjölskyldur.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristín Ingimundardóttir,**

Hvassaleiti 58,

lést á Hjartadeild Landspítalans miðvikudaginn 5. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Ragnheiður Ingunn Magnúsdóttir, Brynja Ríkey Birgisdóttir, Garðar Berg Guðjónsson, Birgir Aðalsteinsson, Steinunn Guðjónsdóttir, barnabörn og barnabarnabörn.**

## JÓNÍNA EINARSDÓTTIR: NÝ LEKTORSSTAÐA

# Undirbýr nýtt meistaranám

Jónína Einarsdóttir hefur verið ráðin í nýja lektorsstöðu í mannfræði þróunar við mannfræði- og þróunarskor félagsvísindadeildar Háskóla Íslands. Þróunarsamvinnustofnun Íslands kostar námið til þriggja ára. Hlutverk Jónínu verður meðal annars að byggja upp nýtt meistara- og diplómanám við Háskólann, en það verður í fyrsta sinn sem boðið verður upp á slíkt nám hér.

Jónína segir ekki að því hlaupið að skýra í fljótu bragði um hvað mannfræði þróunar snúist. „Annars vegar er beitt aðferðafræði og kenningum mannfræðinnar til að öðlast skilning á því hvað gerist, til dæmis í þróunarverkefnum og í þróunarferli. Svo getur hún líka þýtt að fólk nýti sér kenningar og aðferðafræði mannfræðinnar til að vinna að þróunarverkefnum. Bæði er hægt að beita kenningunum til að skilja hvað er að gerast og til að vinna í ferlinu sjálfu,“ segir hún, en mannfræðin snýst að stórum hluta um að lýsa og skilja sjónarhorn þeirra sem eru velkomnir og vinna hlutina út frá forsendum rannsóknarefnisins.

„Ég er nú reyndar búin að sitja í þessari stöðu síðan síðasta vor,“ segir Jónína og bætir við að staðan hafi í raun verið búin til með það fyrir augum að koma legg framhaldsnámi í þróunar-fræðum. „Síðan í haust höfum við boðið upp á mastersprót í mannfræði, en svo er að fara af stað þetta masters- og diplómanám í þróunarfræðinni.“ Mastersnámið er tveggja ára nám til 60 eininga, en diplómanámið samsvarar einni önn og er til 15 eininga. „Svo er líka reiknað með að fólk geti tekið diplómanámið á lengri tíma, því mjög líklegt er að fólk sem áhuga hefur á náminu sé í vinnu.“ Námið er þverfaglegt og getur hver sem lokið hefur háskólaprófi, hvort sem það er í búfræði, hjúkrunarfræði, félagsfræði, efnafræði, eða einhverju öðru, stundað það. „Það einkenn- ir þróunarvinnu að hún er þverfagleg og við hana vinnur fólk úr öllum áttum,“ segir Jónína og bætir við að einnig verði litið til starfsreynslu fólks þegar sótt er um námið og því ekki útilokað að fólk sem vantar eitthvað upp á háskólapróf komist að.

Í diplómanáminu segir Jónína að farið verði í kenningar um þróun, farið í aðferðarfræði með úttektum á verkefnum og undirbúningi fyrir þróunarverkefni. „Þar verður mikið stuðst við hvernig hagnýta megi mannfræðina. Svo verður þriðja námskeiðið valnámskeið sem fólk getur jafnvel tekið úr eigin fagi,“ segir hún, en mastersnámið er hefðbundnara í uppbyggingu þar sem reiknað er með að fólk geri rannsóknarverkefni og skili ritgerð því tengdu. ■



**JÓNÍNA EINARSDÓTTIR**
Lektor í mannfræði þróunar.

## AFMÆLI



**Árni B. Tryggvason** leikari er 81 árs í dag.

**Högni Óskarsson** geðlæknir er sextugur í dag.

**Björn Vignir Sigurpálsson** aðstoðarritstjóri Morgunblaðsins er 59 ára í dag.

**Óttar Felix Hauksson** athafnaskáld er 55 ára í dag.



**Gísli Sverrir Halldórsson** dýralæknir er 49 ára í dag.



**Hilmar Oddsson** kvikmyndaleikstjóri er 48 ára í dag.

**Adolf Hjörvar Berndsen** þingmaður er 46 ára í dag.

**Einar Þór Daníelsson** knattspyrnumaður er 35 ára í dag.

**Sigurður Bogi Sævarsson** blaðamaður er 34 ára í dag.



## FÆDDUST ÞENNAN DAG

**570** Múhammeð spámaður
**1736** James Watt sem fann upp gufuvélina.
**1798** Auguste Comte heimspekingur



**1839** Paul Cezanne listmálari



**1858** Eugene Brieux leikritaskáld
**1883** Hermann Abendroth hljómsveitarstjóri
**1887** Alexander Woollcott smásagnahöfundur.
**1892** Ólafur Thors fyrrum forsætisráðherra Íslands
**1923** Jean Stapleton leikkona
**1926** Fritz Weaver leikari
**1936** Ursula Andress leikkona



**1943** Janis Joplin tónlistarkona
**1946** Dolly Rebecca Parton leik- og söngkona



**1949** Robert Palmer söngvari úr Emerson, Lake & Palmer
**1967** Christine Tucci leikkona
**1971** Shawn Wayans leikari

OA-samtökin 45 ára:

# Opinn afmælisfundur

Þrír félagar í OA-samtökunum, félagsskap fólks sem þjáist af átfíkn, segja sögu sína á opnum fundi sem haldinn verður í dag í tilefni af 45 ára afmæli samtakanna.

Í tilkynningu kemur fram að á fundinn séu allir þeir velkomnir sem áhuga hafi á að kynna sér starf samtakanna, en hann byrjar klukkan 20:15 og stendur í um klukkustund. Fundarstaður er „Gula húsið“ Tjarnargötu 20 í Reykjavík.

Átfíkn er sögð eiga sér ýmsar birtingarmyndir, en tekist er á við vandann „einn dag í einu“ á sama hátt og félagar í AA samtökunum takast á við áfengis- og vímuefnafíkn, að því er fram kemur í tilkynningu samtakanna, en unnið er eftir sama 12 spora kerfinu. „Á Íslandi eru nú starfandi 16 OA-deildir, þar af 10 á stór-Reykjavíkursvæðinu.“

Á vef samtakanna, oa.is, er hægt að taka próf sem leiða á í ljós hvort fólk er haldið átfíkn, auk þess sem þar er að finna nafnlausar reynslusögur þeirra sem barist hafa við átfíkn. ■

Norðurbakkinn:

# Fróðleiksmolar í Hafnarfirði

Framundan eru miklar framkvæmdir á Norðurbakkanum í Hafnarfirði og fjölbreytt athafnalíf sem tengt var hafsækinni starfsemi víkur fyrir nýrri íbúðabyggð. Í fyrirlestri á Byggðasafni Hafnarfjarðar í kvöld fjalla Már Sveinbjörns framkvæmdarstjóri Hafnarfjarðarhafnar og Pétur G. Kristbergsson fyrrverandi verkstjóri í BÚH um athafnalíf á Norðurbakkanum. Fyrirlesturinn er hluti mánaðarlegra „Fróðleiksmola“ sem Byggðasafn Hafnarfjarðar býður til í sýningarhúsinu Pakkhúsinu við Vesturgötu 8. Aðgangur að fyrirlestrinum, sem hefst klukkan átta í kvöld, er ókeypis. ■

# 140 milljónir

110 + 30

1. vinningur

Bónus-vinningur 14 milljónir

# Einfaldlega tvöfaldur!

Þar sem **fyrsti vinningur í Víkingalottóinu** þessa vikuna er **tvöfaldur** hefur þú hvorki meira né minna en tvöfalda ástæðu til að spila með.

**Taktu þátt** – kannski reynist árið 2005 mesta happaár í lífi þínu.

Vertu með fyrir kl. 17.

VÍKINGA LOTTÓ

Alltaf á miðvikudögum!

ENNEMM / SIA / NM14859

# sport
sport@frettabladid.is

**Grátkór Stykkishólms má alveg fara að þagna**
Það er kominn tími til að körfuboltagrátkórinn í Stykkishólmi fari að þagna. Gissur Tryggvason, formaður körfuknattleiksdeildar Snæfells, Bárður Eyþórsson, þjálfari liðsins og lærisveinar hans hafa grenjað meira en góðu hófi gegnir út í forystu KKÍ, dómara og andstæðinga í allan vetur og fundið upp samsæriskenningar nær vikulega. Nú er mál að linni. Snæfellingar: Farið að einbeita ykkur að því að spila körfubolta og hættið þessu endalausa væli. Það nennir enginn að hlusta á það lengur og réttast væri að nota kraftana í að búa til fleiri frábær stuðningsmannalög fyrir undurþýðan barka Þórunnar Antoníu.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

16 17 18 **19** 20 21 22

**Miðvikudagur**

### LEIKIR

- 19.15 **KR** og **Njarðvík** eigast við í DHL-höllinni í 1. deild kvenna í körfuknattleik.
- 19.15 **Fram** og **Stjarnan** mætast í Framhúsinu í DHL-deild kvenna í handknattleik.

### SJÓNVARP

- 17.45 **Olíssport** á Sýn. Fjallað um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis.
- 19.00 **Heimsbikarinn á skíðum** á Sýn. Nýjustu fréttir af framgöngu manna á heimsbikarmótum.
- 19.35 **Enski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Exeter** og **Manchester United** í 3. umferð bikarkeppninnar.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn. Fjallað um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis.
- 22.20 **Handboltakvöld** á Rúv.
- 23.15 **History of football** á Sýn. Myndaflokkur um vinsælustu íþrótt heims.

### LEIKIR GÆRDAGSINS

*Enska bikarkeppnin*

| | |
|---|---|
| BLACKPOOL–LEICESTER | 0–1 |
| 0–1 Jóhannes Karl Guðjónsson (16.). | |
| BURNLEY–LIVERPOOL | 1–0 |
| 1–0 Sjálfsmark (51.). | |

Enska bikarkeppnin:

## Burnley sló út Liverpool

**FÓTBOLTI** Enska 1. deildarliðið Burnley sló í gær Liverpool út úr ensku bikarkeppninni en það voru þó leikmenn Liverpool sem sáu um markaskorunina því sigurmarkið var stórfurðulegt sjálfsmark varnarmannsins Djimi Traore. Burnley vann því óvænt 1–0. Traore virtist leika á sinn eigin markvörð áður en hann setti boltann í eigið mark á 51. mínútu leiksins og félagar hans í liðinu gátu ekki bætt fyrir mistök hans það sem eftir lifði leiksins.

Jóhannes Karl Guðjónsson tryggði liði sínu Leicester sæti í næstu umferð þegar hann skoraði sigurmarkið gegn Blackpool strax á 16. mínútu leiksins. Markið skoraði Jóhannes Karl með þrumuskoti af 35 metra færi.

# Vil láta gott af mér leiða

Knattspyrnuþjálfarinn Guðjón Þórðarson hefur hafið störf í Keflavík. Hann segir það vera mikil viðbrigði að koma aftur til Íslands eftir að hafa starfað í enska boltanum síðustu ár.

**FÓTBOLTI** Eftir ævintýraför í heimalandi knattspyrnunnar, Englandi, er einn sigursælasti knattspyrnuþjálfari Íslandssögunnar kominn heim. Guðjón Þórðarson skrifaði undir þriggja ára samning við bikarmeistara Keflavíkur skömmu fyrir jól og er óhætt að segja að hann sé strax búinn að hrista vel upp í íslensku knattspyrnulífi.

Það gekk á með skini og skúrum hjá Guðjón í Englandi. Hann kom Stoke City upp um deild og var rekinn skömmu síðar. Hann tók við liði Barnsley í bágri stöðu, reif félagið upp á eftirminnilegan hátt en fékk samt reisupassann.

Erfiðlega gekk að fá nýtt starf eftir það enda margir færir þjálfarar um hvert starf og erlendir þjálfarar sjaldan fyrsti kostur í stöðunni. Eftir að hafa lifað og hrærst í atvinnumennsku í Englandi um nokkurra ára skeið hljóta það að vera talsverð viðbrigði að koma aftur heim til Íslands.

„Þetta voru gífurleg viðbrigði. Ég neita því ekki. Það er samt í þessu eins og öðru að það þýðir ekki að tala um það sem maður hefur ekki heldur verða menn að vinna með það sem þeir hafa í höndunum," sagði Guðjón sem er mjög ánægður með Keflavíkurstrákana og segir þá flesta harðduglega og mjög metnaðarfulla. Hann lætur þá æfa fimm sinnum í viku og á laugardögum er löng æfing, eða langur laugardagur eins og Guðjón kallar það.

Eins og áður segir er talsverður tími síðan Guðjón þjálfaði síðast á Íslandi en hvað telur hann helst hafa breyst hér á landi á þessum árum?

„Stóri munurinn liggur í aðstöðunni en tilkoma knattspyrnuhúsanna er mikil bylting. Nú þarf aldrei að hafa áhyggjur af veðri lengur. Ég man eftir því þegar ég var með ÍA 1993 þá fórum við á æfingu í Kópavogi í febrúar. Þá hafði ekki verið hægt að æfa allan veturinn á gervigrasinu vegna ótíðar. Við þurftum að hætta æfingunni eftir tæpar 20 mínútur því þá fauk annað markið og máttu minnstu muna að það hefði orðið Kristjáni Finnbogasyni markverði að fjörtjóni. Þetta vandamál er ekki lengur til staðar sem er mjög jákvætt," sagði Guðjón en telur samt að alltaf megi gera betur á öllum sviðum.

„Það er ekkert svo gott að ekki megi gera betur. Það er fullt af hlutum sem við vorum góðir í áður sem mér finnst vera á undanhaldi núna. Það þarf að spyrna við fótum og stöðva þá þróun. Í dag gefast of margir upp þegar á móti blæs en hér á árum áður voru menn tilbúnir að berjast meira fyrir hlutunum. Kannski hafa menn það of gott í dag."

Guðjón kemur heim reynslunni ríkari enda var Englandsdvölin honum mjög lærdómsrík. Honum finnst gott að geta miðlað reynslu sinni til annarra.

„Þetta er allt öðruvísi verkefni en ég var í og nálgunin er önnur. Fyrst og fremst er maður samt að vinna með fólki og það finnst mér skemmtilegt. Það er gaman að sjá hvernig margir af strákunum taka við sér og hvað þeir eru viljugir að læra. Ég held að það sé fyrst og fremst það sem gefur manni umbun í lok dagsins því ég er að reyna að láta gott af mér leiða," sagði Guðjón Þórðarson.

henry@frettabladid.is



**HARÐUR HÚSBÓNDI** Það er enginn skortur á aga þar sem Guðjón Þórðarson er annars vegar. Guðjón gefur hér lærisveinum sínum góð ráð á æfingu í Reykjaneshöllinni á mánudaginn. Fréttablaðið/Valli

## ÚR ÍÞRÓTTAHEIMINUM

Lið Phoenix Suns í NBA-körfuboltanum virðist heillum horfið án leikstjórnanda síns, **Steve Nash** sem meiddist á dögunum, en Suns tapaði fjórða leik sínum í röð í fyrrinótt þegar það sótti núverandi meistara Detroit Pistons heim. Leiknum lyktaði með sigri Pistons, 94-80, en Suns hefur ekki skorað jafn lítið á leiktíðinni til þessa. **Tayshaun Prince** var stigahæsti maður vallarins, skoraði 26 stig, tók 7 fráköst og gaf 5 stoðsendingar. **Joe Johnson** skoraði mest fyrir Suns, alls 17 stig. „Við getum alveg unnið leiki án mín en til þess að það gangi eftir verðum við að ná fleiri fráköstum en við gerðum í kvöld," sagði **Nash** en heimamenn náðu alls 25 sóknarfráköstum.



**David Beckham** sagðist munu snúa aftur til Manchester United ef hann myndi einhvern tímann segja skilið við Real Madrid. **Beckham**, sem sagði skilið við United í júlí árið 2003, hefur enn sterkar taugar til síns gamla liðs. „Ég ólst upp hjá United og hafði í hyggju að vera þar allan minn feril," sagði **Beckham** sem segist enn eiga fullt inni hjá Madrídarliðinu. „Ég er búinn að vera hérna í eitt og hálft ár og á enn eftir að ná mínu besta formi." Kappinn sagði enn fremur að hann yrði með enska landsliðinu á HM 2006 í Þýskalandi. „Ég hef fulla trú á því að ég verði fyrirliði Englendinga á HM."



**Giovanni Trapattoni**, knattspyrnustjóri portúgalska liðsins Benfica, hefur staðfest áhuga sinn á að fá miðvörðinn **Jose Kleberson** frá Manchester United í sínar raðir. **Kleberson**, sem er 25 ára að aldri, hefur átt við ökklameiðsli að stríða og hefur aðeins leikið 18 leiki með United á 18 mánuðum. „Hann vill koma en félagið vill ekki láta hann fara. Svona samningamál eru ekki auðveld viðureignar en við munum reyna hvað við getum til að fá hann til okkar," sagði **Trapattoni**.



Aðalmarkvörður unglingalandliðs Benin var barinn til dauða eftir að liðið tapaði gegn Nígeríu, 3-0, á Afríkukeppni unglingalandsliða. **Samiou Yessoufou**, sem gekk undir nafninu **Campos**, var 18 ára gamall. Hópur manna réðst að **Campos** á næturklúbbi eftir leikinn og lést hann af áverkum sínum í gærmorgun. Fregnir herma að mennirnir hafi verið æfir yfir tapinu og létu höggin og spörkin dynja á **Campos** sem átti sér enga viðreisnarvon.


# Fjölni í Höllina!

**Grafarvogsbúar – Fjölnismenn**

Laugardaginn 22. janúar kl. 16.15
leika Hamar/Selfoss og Fjölnir í fjögurra liða
úrslitum bikarkeppni KKÍ í Hveragerði.

Sætaferðir verða frá Íþróttamiðstöð Grafarvogs
við Dalhús kl. 14.30.

Skráning í sætaferðir er á skrifstofu Fjölnis
í síma 567-2085.

Verð: leikur + rúta fullorðnir 700 + 500 kr.
15 ára og yngri 300 + 500 kr.
Fjölnisbolir verða til sölu á 500 kr.


Guðjón Þórðarson, nýráðinn stjóri, um leikmannamál bikarmeistaranna:

# Menn fá tækifæri til að sanna sig

**FÓTBOLTI** Bikarmeistarar Keflavíkur hafa orðið fyrir miklum áföllum frá því tímabilinu hér heima lauk. Þórarinn Kristjánsson og Haraldur Freyr Guðmundsson eru farnir í atvinnumennsku. Zoran Daníel Ljubicic tók við þjálfun 1. deildarliðs Völsungs og svo er óvissuástand með Scott Ramsey.

Þegar Guðjón Þórðarson tók við liðinu sagðist hann ætla að taka sér góðan tíma í að meta hópinn áður en hann tæki ákvörðun um styrkingar.

„Ég mun taka mér tíma vel fram í febrúar til að sjá hvernig þessi hópur er. Það er samt ljóst að við þurfum að styrkja hópinn. Ég vil fyrst sjá hvort það séu einhverjir í hópnum sem geta tekið við af þeim sem eru farnir áður en ég fer að fá nýja menn. Menn fá tækifæri til að sanna sig," sagði Guðjón en hann sagði engu að síður blasa við að það væri vöntun á miðvörðum og þar yrði að fá nýja menn.

„Það er ekki um auðugan garð að gresja á innlendum markaði. Það eru samt aðrir kostir í stöðunni og ég hef fín sambönd erlendis. Þá bæði á Englandi og í Skandinavíu," sagði Guðjón sem er þegar byrjaður að þreifa fyrir sér. „Við erum búnir að skoða ákveðna möguleika. Það er aldrei að vita nema um mánaðamótin komi einn eða tveir leikmenn sem við viljum skoða betur," sagði Guðjón Þórðarson.

- hbg



**TVEIR SEM ERU FARNIR** Haraldur Guðmundsson og Zoran Daníel Ljubicic eru báðir farnir frá Keflavík.



**SCOTTIE PIPPEN** Stendur í málaferlum.

Scottie Pippen:

# Höfðar mál

**KÖRFUBOLTI** Scottie Pippen, sem er best þekktur fyrir að vinna sex meistaratitla með Chicago Bulls í NBA-körfuboltanum, hefur stefnt fyrirtækinu Katten Muchen Zavis Rosenman og lögfræðingi þess fyrir vítavert gáleysi í samskiptum við sig. Í stefnunni segir m.a.: „Hann var svikinn af ráðgjöfum sínum og hefur vanræksla þeirra kostað Scottie og fjölskyldu margar milljónir dollara.“

Harvey Silets, einn af eigendum fyrirtækisins Katten Muchen, sagði ásakanir Pippens ekki vera á traustum grunni reistar og að fyrirtækið myndi verja sig til fulls gagnvart þeim.

Þess má geta að Pippen voru greiddar 11,8 milljónir dollara í skaðabætur í nóvember á síðasta ári eftir að hafa verið svikinn af fjármálaráðgjafa sínum þáverandi, Robert Lunn. ■

Exeter tekur á móti Manchester United í ensku bikarkeppninni í kvöld:

# Keane hefði viljað fá endurgreitt

**FÓTBOLTI** Það verður mikið um dýrðir í smábænum Exeter í kvöld þegar heimaliðið, Exeter City, tekur á móti Manchester United í ensku bikarkeppninni í knattspyrnu. Í fyrri leik liðanna komu leikmenn Exeter andstæðingum sínum í opna skjöldu með mikilli baráttu og náðu þeim merka áfanga að ná jafntefli við stórliðið Manchester United.

Roy Keane, fyrirliði United, fullyrti að hefði hann borgað sig inn á fyrri leik liðanna, þá hefði hann heimtað að fá endurgreitt. „Það urðu allir fyrir miklum vonbrigðum með leikinn gegn Exeter og ég er mjög glaður yfir því að hafa ekki þurft að borga mig inn. Eina sárabótin sem ég get boðið er að við munum leiðrétta mistökin í kvöld og vonandi verða önnur gæði af fótbolta en við buðum upp á í síðustu viðureign liðanna,“ sagði Keane.



**ROY KEANE** Var ekki sáttur við frammistöðu Manchester United í fyrri leiknum gegn Exeter og hefði farið fram á endurgreiðslu ef hann hefði verið meðal áhorfenda.

Fregnir herma að Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, muni tefla fram sínu sterkasta liði til að fullvissa sig um að mesta áfall í sögu liðsins líti ekki dagsins ljós. Á blaðamannafundi fyrr í vikunni fór Ferguson fögrum orðum um Alex Inglethorpe sem stígur sín fyrstu skref í vetur hjá Exeter sem knattspyrnustjóri. Ferguson fullyrti að Inglethorpe ætti stórt hrós skilið fyrir árangurinn með Exeter. „Hann sýndi mikla yfirvegun á hliðarlínunni og það var ekkert óðagot að sjá þar. Það sama má segja um liðið í heild, þar var jafnvægið í fyrirrúmi,“ sagði Ferguson, sem hafði svo sannarlega ekki sömu sögu að segja um sína menn. „Við vorum sjálfum okkur til skammar og áttum alla gagnrýnina skilið sem að dundi á okkur. Í kvöld mætum til leiks til að ná fram þeim úrslitum sem ætlast er til af okkur,“ sagði Ferguson. ■




















# STUÐ MILLI STRÍÐA : Beinagrind með sílíkon

**BORGHILDI GUNNARSDÓTTUR** ÞYKIR LÝTAAÐGERÐIR MEÐ ÖLLU ÓGEÐSLEGAR.


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Um helgina rakst ég á þátt á MTV þar sem fjallað var um strák, klæðskipting, sem vildi líkjast J-Lo. Hann var búinn að vera á hormónalyfjum í nokkurn tíma og því kominn með pínu brjóst og mjaðmir en hafði ekki enn látið taka af sér lillann. En hann reddaði því nú og teipaði hann bara niður. Jæja allt í lagi með það. Það versta við þáttinn var þegar hann fór í allsherjar lýtaaðgerð. Allt var sýnt, ALLT! Höfuðleðrinu flett upp og strekkt á því, troðið ógeðslegum sílíkonpokum í brjóstin á honum, skrapað af enninu og svo púðar í kinnarnar.

Ég sat í keng í sófanum og kíkti á milli puttanna á mér og öskraði. Hvaða helvítis viðbjóð er fólk að leggja á sig? Eftir aðgerðina var hann í tvær vikur bundinn um hausinn eins og múmía, lá hjálparlaus og lét vini sína mata sig og hafði varla orku í að labba á klósettið. Hann lá bara og rumdi og slefaði.

Ég verð að viðurkenna að ég er gífurlega andvíg lýtaaðgerðum ef ekki er verið að laga eitthvað eftir stórslys eða veikindi. Ég þoli ekki þegar fólk segir um stelpur sem fara í sílíkonaðgerð: „Ég meina ef henni líður betur er þetta frábært.“ Ég er ekki sammála þessu. Spurningin er ekki hvort fólki líður betur eftir svona, heldur af hverju?

Af hverju eru konur hamingjusamari með stór brjóst og eru þær það virkilega? Hvaðan koma þessi rugl skilaboð sem stimpla inn í fólk að hamingja felist í stórum brjóstum? Eða stórum lim, lægra enni, stórum vörum og af hverju tökum við þessum skilaboðum sem góðum og gildum. Ég held að lausnin felist í því að sætta sig við sjálfan sig. Lausnin er ekki að fara í hættulega skurðaðgerð og troða aðskotahlut í líkamann. Auk þess get ég ímyndað mér hvað gerist þegar sílíkonbombur deyja og rotna ofan í kistunum. Sjáiði þetta fyrir ykkur? Beinagrind með tvo sílíkonpoka framan á sér. Oj bara. ■

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



KVIKMYNDIR

# Lovely Bones næst á dagskrá

Næsta mynd leikstjórans Peters Jackson á eftir King Kong verður The Lovely Bones. Myndin er byggð á samnefndri metsölubók eftir Alice Sebold og fjallar um stúlku á himnum sem segir sögu sína eftir að hafa verið myrt.

Jackson mun skrifa handrit myndarinnar ásamt Fran Walsh og Philippa Boyens sem átti þátt í handritinu að Lord of the Rings-myndunum, sem Jackson leikstýrði.

Talið er að The Lovely Bones verði komin á hvíta tjaldið árið 2007. King Kong er aftur á móti væntanleg í kvikmyndahús í desember á þessu ári. ■



**PETER JACKSON** Leikstjórinn Peter Jackson ætlar næst að snúa sér að myndinni The Lovely Bones.


Átt þú eða maki þinn barn úr fyrra sambandi?

www.stjuptengsl.is

Fræðslu- og stuðningshópur fyrir stjúpmæður

Fimmtudaga kl. 19.30 - 21.00 (6 skipti).
Fyrsti fundur 27. janúar.

Skráning og frekari upplýsingar í síma 692 9101.

Leiðbeinandi er Valgerður Halldórsdóttir félagsráðgjafi.

STJÚPTENGSL

Merkurgötu 2b ▪ 220 Hafnarfirði ▪ stjuptengsl@stjuptengsl.is

Grafíska smiðjan ehf. 01-05


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

16 17 18 **19** 20 21 22

**Miðvikudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 22.00 **Andrea Gylfa** og **Eddi Lár** gítarleikari verða með fjölbreytta dagskrá á Næsta bar.

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.15 **Starri Heiðmarsson**, fléttufræðingur NÍ, flytur fræðsluerindi: „Riðar flokkunarkerfi Linnés til falls?“, á Hrafnaþingi Náttúrufræðistofnunar, í sal Möguleikhússins á Hlemmi, Reykjavík.

☐ 16.15 **Sólveig Jakobsdóttir** og **Þuríður Jóhannsdóttir** kynna niðurstöður úr hluta rannsókna á áhrifum upplýsinga- og samskiptatækni í skólastarfi á málstofu, sem haldin verður í Skriðu í Kennaraháskóla Íslands.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

KVIKMYNDIR



**TOY STORY** Teiknimyndirnar tvær um ævintýri Bósa Ljósárs og félaga hafa notið mikilla vinsælda. Nú er sú þriðja á leiðinni.

# Toy Story 3 í vinnslu

Kvikmyndafyrirtækið Disney vinnur um þessar mundir að handriti að teiknimyndinni Toy Story 3. Ekki er talið líklegt að fyrirtækið Pixar, sem bjó til fyrstu tvær myndirnar sem báðar nutu mikilla vinsælda, taki þátt í gerð myndarinnar.

Ástæðan er sú að samstarfssamningur Pixar og Disney rennur út eftir að gerð teiknimyndarinnar Cars lýkur og því mun Disney sjálft búa til þriðju myndina um ævintýri Bósa Ljósárs og félaga. ■







Háskólabíó




Forsýning kl. 8.30




Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 ísl. texti



Kl. 5.30, 8 og 10.30




Sýnd kl. 10.15




Kl. 5.45 og 8




Kl. 5.30 ísl. tal




Frá degi til dags
(A la petite semaine)
Sýnd kl. 6

Bróðirinn
(Son Frére)
Sýnd kl. 8

Grjóthaltu kjafti
(Tais Toi)
Sýnd kl. 10

SMÁRABÍÓ




★★★★ SV Mbl
„Ein snjallasta mynd ársins... Ógleymanleg... ljúf kvikmyndaperla."

Sýnd kl. 5.40, 8 og 10.20




Sýnd kl. 3.45, 5.50, 8 og 10.15 B.i. 10




Kl. 4, 6, 8, og 10 LÚXUS kl. 4, 6, 8 og 10




Kl. 8 og 10 B.i. 14




Sýnd kl. 4 og 6

Dolby SDDS THX SÍMI 564 0000 - www.smarabio.is

FRÁBÆR SKEMMTUN
SAMBÍÓIN
ÁLFABAKKI




Sýnd kl. 4, 6.15, 8.30 og 10.40




Sýnd kl. 4, 6.15, 8.30 og 10.40




Kl. 3.30 og 6 m/ísl. tali
kl. 5.30, 8 & 10.30 m/ens. tali




Sýnd kl. 8.30 og 10.40



Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30
Lúxus VIP kl. 5.30, 8 & 10.30

ÁLFABAKKI 587 8900 www.sambioin.is






Helga Braga Steinn Ármann
AUSTURBÆR
Fös. 21/01 2005 kl: 20:00 Sæti laus
Lau. 29/01 2005 kl: 20:00 Sæti laus
Pantanir í síma 551 4700
miðasala opin 14 - 18 virkadaga
www.vodkakurinn.is og www.midi.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA
AUKASÝNING 27. JANÚAR!

• Stóra sviðið kl. 20:00

**ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA** – Hallgrímur Helgason /leikgerð Baltasar Kormákur
Fim. 20/1 **uppselt**, **aukasýning** 27/1 **nokkur sæti laus, lau.** 29/1 **uppselt.**
**Allra síðustu sýningar.**

